# FRÉTTABLAÐIÐ

180. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 2. ÁGÚST 2016


# Nýr húsbóndi á Bessastöðum



Guðni Th. Jóhannesson, nýr forseti Íslands, veifar til þeirra sem komu á Austurvöll til að fylgjast með innsetningarathöfninni. Með honum er Eliza Reid forsetafrú. Guðni tók formlega við embætti í Alþingishúsinu í gær að lokinni messu í Dómkirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Guðni Th. Jóhannesson orðinn forseti Íslands

**STJÓRNMÁL** Guðni Th. Jóhannesson, nýr forseti Íslands, var settur í embætti í Alþingishúsinu í gær. Hundruð mættu á Austurvöll til að fylgjast með athöfninni en fyrri hluti hennar fór fram í Dómkirkjunni. Eftir messu fluttu gestir sig um set yfir í þingsalinn. Honum hafði verið breytt svo fleiri myndu rúmast innan hans. Á meðal gesta voru þingmenn og fyrrverandi forsetar.

Mikil gleði ríkti á meðal þeirra sem komnir voru að fylgjast með. Eftir formlega athöfn skrifaði Guðni undir kjörbréf sem Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, rétti honum. Því næst hélt Guðni út á svalir Alþingishússins ásamt eiginkonu sinni, Elizu Reid, og heilsaði viðstöddum. Að því loknu flutti hann innsetningarræðu sína í þingsalnum.

Guðni stiklaði á stóru í ræðu sinni og sagði meðal annars að sér væri efst í huga þakklæti fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt að fela honum embættið. Hann sagði að forseti réði sjaldan úrslitum einn síns liðs og talaði um að enginn ætti að þurfa að líða skort á Íslandi. Guðni sagði að með árunum hefðu Íslendingar orðið fjölbreyttari og það væri samfélaginu til framdráttar.

Þá minnti Guðni einnig á að kosið yrði til Alþingis í haust og gerði hann enga fyrirvara við þau áform. Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra sagði það ekki koma sér á óvart enda hefðu þeir rætt saman um komandi kosningar.

**– þea /** **sjá síðu 8**


### Fréttablaðið í dag



Fangar eiga nú kost á tveggja daga leyfi. 4

SKOÐUN Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður félags fanga, SKRIFAR UM BETRUN. 19

SPORT Einvígið á Nesinu fór fram í gær. 22

LÍFIÐ Nútíma-femínistar og fyrirrennarar þeirra. 32

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Á morgun verður fremur hæg breytileg átt og víða skúrir, síst þó austast á landinu. Hiti 10 til 16 stig.

**SJÁ SÍÐU 26**

# Heyannir á Álftanesi



**Guðmundur Ólafsson snýr heyi sem slegið var við Pálshús á Álftanesi í síðustu viku. Einmuna blíða hefur verið þar undanfarnar vikur eins og víðast á landinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nígeríusvindlari handtekinn

**NÍGERÍA** Fertugur Nígeríumaður hefur verið handtekinn, sakaður um að hafa staðið í stórtæku netsvindli víða um heim.

Maðurinn hefur ekki verið nafngreindur, en hann er talinn hafa stjórnað fjörutíu manna hópi sem sendi tölvupósta í gríð og erg út um allan heim, ýmist með vírusum eða ýmiss konar tilboðum til að veiða fólk í gildru.

Mennirnir eru taldir hafa haft meira en sjö milljarða króna upp úr krafsinu. **– gb**



**Hermenn við Sirte.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Loftárásir á Líbíu

**LÍBÍA** Bandaríkjaher gerði í gær loftárásir á borgina Sirte í Líbíu, þar sem liðsmenn Íslamska ríkisins hafa hreiðrað um sig.

Þetta eru fyrstu árásirnar af þessu tagi í Líbíu. Þær eru gerðar að beiðni stjórnvalda. Fayez al Sarraj forsætisráðherra sagði í sjónvarpsávarpi að árásirnar hafi valdið miklu tjóni.

Peter Cook, talsmaður bandaríska varnarmálaráðuneytisins, sagði ekkert hafa verið ákveðið um framhald á þessum árásum.

Stjórnarherinn í Líbíu hefur lengi barist við liðsmenn Íslamska ríkisins í Sirte og hafa þau átök kostað nærri 300 stjórnarhermenn lífið.

Sirte er fæðingarborg Múammars Gaddafís, sem uppreisnarmenn í Líbíu steyptu af stóli fyrir bráðum fimm árum með aðstoð Bandaríkjanna, Bretlands og fleiri Vesturlanda. **– gb**



**Gruna íkveikju.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Í haldi vegna elds í Kópavogi

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár íslenskar konur voru handteknar á sunnudagskvöld eftir að eldur kviknaði í einbýlishúsi í Skólagerði í Kópavogi.

Ein kvennanna var í gær úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna gruns um íkveikju en hinar tvær voru látnar lausar. Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út en greiðlega gekk að slökkva eldinn. Talsverðar skemmdir urðu á húsinu.

Allar eru konurnar á þrítugsaldri. Sú sem er í varðhaldi býr í húsinu.

Gunnar Hilmarsson aðalvarðstjóri segir rannsókn málsins vera í fullum gangi. **– ngy**

# Fangageymslur hýstu nær fjörtíu um helgina

**Víða voru annir hjá lögreglu um nýliðna verslunarmannahelgi. Á Þjóðhátíð í Eyjum voru um 30 fíkniefnamál og mun hafa verið tilkynnt um minnst tvö kynferðisbrotamál þar. Þá var mikið um hraðakstur á Vestfjörðum segir lögregla.**

**LÖGREGLUMÁL** Að minnsta kosti þrjátíu og sex manns gistu í fangageymslum um helgina. Víða um landið var mikið að gera hjá lögreglunni en sums staðar var nokkuð rólegt.

Í Vestmannaeyjum voru um fimmtán þúsund manns samankomin á Þjóðhátíð þegar mest var. Ellefu manns gistu þar í fangageymslu um helgina vegna mismunandi brota. Fíkniefnamál voru um þrjátíu í heildina. „Við vorum með fjóra hunda og sex óeinkennisklædda lögreglumenn sem sinntu fíkniefnamálunum. Í fyrra voru fleiri fíkniefnamál og er stífa eftirlitið hjá okkur vonandi farið að skila sér," segir Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hafa minnst tvö kynferðisbrot verið tilkynnt á Þjóðhátíð. Jóhannes vildi ekki tjá sig um málið en eins og kunnugt er er það yfirlýst stefna lögreglustjórans í Vestmannaeyjum að lögreglan tjái sig ekki um atvik af þessu tagi.

Að sögn Jóhannesar var nokkuð um líkamsárásir en þó ekki fleiri en undanfarin ár. Enginn var tekinn vegna ölvunaraksturs.

Lögreglan á Suðurlandi þurfti að hafa afskipti af fólki sem gisti á tjaldsvæðinu á Flúðum um helgina en nokkuð var um ölvun og læti þar. Alls gistu sjö í fangageymslu á Selfossi um helgina. „Á heildina litið gekk helgin vel en það var eitthvað um slagsmál og þó nokkuð um ölvunar- og fíkniefnaakstur," segir Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi. Engar tilkynningar hafa borist embættinu vegna kynferðisbrota.




**Sex óeinkennisklæddir lögreglumenn sinntu fíkniefnamálunum á Þjóðhátíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Á Ísafirði fór mýrarbolti fram en þar gistu tveir í fangageymslu um helgina. Að sögn varðstjóra var mikið að gera hjá lögreglunni en nokkuð mikið var um ölvun og minniháttar slagsmál. Þá var mikið um hraðakstur á Vestfjörðum en alveg slysalaust. Engar tilkynningar hafa borist vegna kynferðisbrota né líkamsárása.

Frá Neskaupstað fengust þær upplýsingar að þar hefði verið örlítill erill vegna ölvunar en engar kærur eða slagsmál. Einn aðili gisti í fangageymslu vegna slagsmála en hátíðin Neistaflug fór þar fram um helgina.

Á Akureyri fór hátíðin Sumarleikarnir fram en þar gistu tveir í fangageymslu um helgina. Að sögn varðstjóra á Akureyri gekk helgin vel og eru engar tilkynningar um kynferðisbrot né líkamsárás á borði lögreglu.

Samtals gistu fimmtán manns í fangageymslu í Reykjavík um helgina. Nokkuð var um akstur undir áhrifum áfengis, vímuefna eða án ökuréttinda. Einnig var tilkynnt um eignaspjöll og innbrot í borginni. Fjögur kynferðisbrotamál komu á borð Neyðarmóttöku Landspítalans en þrjú þeirra eiga að hafa verið framin á höfuðborgarsvæðinu. **nadine@frettabladid.is**





**1 GB**
netnotkun eða
**1.000 kr.**
á mán. í 6 mán.
fylgir!

**Samsung Galaxy S7 Edge** 32 GB

**129.990 kr.** stgr.

**Nýir litir: bleikur og silfur**



**1 GB**
netnotkun eða
**1.000 kr.**
á mán. í 6 mán.
fylgir!

**Samsung Galaxy S7**
32 GB

**109.990 kr.** stgr.

**Nýir litir: bleikur og silfur**



**500 MB**
netnotkun eða
**500 kr.**
á mán. í 6 mán.
fylgir!

**Samsung Galaxy J5 2016** 16 GB

**39.990 kr.** stgr.

# SJÓÐHEITIR HJÁ NOVA



**1 GB**
netnotkun eða
**1.000 kr.**
á mán. í 6 mán.
fylgir!

**iPhone 6s** 16 GB

**109.990 kr.** stgr.

**64 GB 134.990 kr.**



**1 GB**
netnotkun eða
**1.000 kr.**
á mán. í 12 mán.
fylgir!

**iPhone 6s Plus** 16 GB

**134.990 kr.** stgr.

**64 GB 154.990 kr.**



**500 MB**
netnotkun eða
**500 kr.**
á mán. í 6 mán.
fylgir!

**iPhone SE** 16 GB

**74.990 kr.** stgr.

**64 GB 89.990 kr.**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Orkustofnun varar við því að möguleikar í nýtingu séu útilokaðir

**ORKUMÁL** Orkustofnun telur drög að skýrslu verkefnisstjórnar um þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar stjórnvalda ekki fullnægjandi og þau setji ráðuneyti og Alþingi í erfiða stöðu um framhaldið.

Orkustofnun vill sjá miklu fleiri virkjanakosti setta í nýtingu. Telur Orkustofnun greiningarvinnu ófullnægjandi, mat byggt á of þröngu sjónarhorni, skortur sé á samræmi í einkunnagjöf milli áfanga og niðurstöður flokkunar ekki nægilega rökstuddar.

„Mikilvægt er að vinna við næsta áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar byggi á traustari grunni en í þriðja áfanga og að allir virkjunarkostir sem lagðir verða fram af Orkustofnun verði teknir til faglegrar, alhliða skoðunar og að allar niðurstöður næstu verkefnisstjórnar verði ítarlegar og vel rökstuddar,“ segir í skýrslu stofnunarinnar.

Allt frá því að rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda var sett á laggirnar af síðustu ríkisstjórn hafa mikil átök verið um hvaða staðir skuli nýttir til raforkuframleiðslu og hverjir skuli verndaðir.

Segir ennfremur í skýrslu Orkustofnunar að verið sé að svipta heilu landshlutana möguleika til vistvænnar orkunýtingar. **– sa**

> **Mikilvægt er að vinna við næsta áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar byggi á traustari grunni en í þriðja áfanga og að allir virkjunarkostir sem lagðir verða fram af Orkustofnun verði teknir til faglegrar, alhliða skoðunar.**
>
> Úr skýrslu Orkustofnunar um drög að skýrslu um verndar- og orkunýtingaráætlun



**Urriðafoss í Þjórsá.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Glatt í hjalla hjá föngum.** MYND/AFSTAÐA

## Brekkusöngur á Kvíabryggju

**SAMFÉLAG** Fangar á Kvíabryggju héldu upp á verslunarmannahelgina með brekkusöng á sunnudagskvöld. Allir 23 fangarnir tóku þátt í söngnum ásamt einum fangaverði.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, segir söngæfingar hafa staðið yfir einu sinni í viku í nokkurn tíma. Mikil stemning hafi verið í brekkusöngnum. Mögulega verði söngurinn að árlegum viðburði. **– ngy**

## Æ fleiri skráð einkahlutafélög

**HAGSTOFAN** Síðustu tólf mánuði hefur nýskráningum einkahlutafélaga fjölgað um átján prósent í miðað við tólf mánuði þar á undan. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Nýskráningar einkahlutafélaga í júní 2016 voru 275.

Hlutfallsleg fjölgun nýskráninga var mest í fasteignaviðskiptum, fjölgar úr 279 í 413 eða um fjörutíu og átta prósent. Meðal annarra greina þar sem nýskráningum hefur fjölgað má nefna leigustarfsemi og ýmsa sérhæfða þjónustu þar sem nýskráningum fjölgaði úr 168 í 231.

Mest hlutfallsleg fækkun nýskráninga síðustu 12 mánuði var í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi, eða um sex prósent. **– ngy**

# Fangar mega fá fjölskylduleyfi

**Nýleg lög um fullnustu refsinga hafa að geyma nýmæli um svokallað fjölskylduleyfi fanga. Leyfið er allt að tveimur sólarhringum og á að draga úr neikvæðum afleiðingum innilokunar. Ströng skilyrði eru fyrir leyfinu.**

**FANGELSISMÁL** Nokkrir fangar á Íslandi hafa nýtt sér svokölluð fjölskylduleyfi en ný lög um fullnustu refsinga hafa að geyma nýmæli um slík leyfi.

Áður gátu fangar einungis fengið dagsleyfi. Leyfið er allt að tveimur sólarhringum og geta þeir fangar, sem hafa fengið dagsleyfi samfellt í tvö ár og staðist skilyrði þeirra, nýtt sér það. Leyfin mega mest vera fjögur á ári og þurfa níutíu dagar að líða á milli þeirra.

„Þetta er ágætt nýmæli og eitt af þeim nýju verkefnum sem fylgdu lögunum. Þessu er meðal annars ætlað að draga úr neikvæðum afleiðingum langrar innilokunar. Það er nánast engin reynsla komin á þessi leyfi,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri.

Þrátt fyrir það að leyfið heiti fjölskylduleyfi er ekki skylt að franginn eigi fjölskyldu til að heimsækja. Að sögn Tryggva Ágústssonar, staðgengils forstöðumanns á Litla-Hrauni, þarf fangi sem fær leyfið að upplýsa um það hvernig hann hyggst verja leyfinu, hvern hann hyggst heimsækja og hvar hann mun dvelja.

„Við þurfum að samþykkja dagskrána og þurfa fangar að bera skírteini sem hefur að geyma upplýsingar um tilgang og skilyrði leyfisins,“ segir Tryggvi og bætir við að yfirleitt hafi dagsleyfi fanga gengið vel. Lítil reynsla sé komin á fjölskylduleyfin en þau hafi einnig gengið vel. „Hér hafa menn farið í dagsleyfi og verið staðnir að því að nýta þau í smygl á lyfjum eða fíkniefnum. En oftast gengur vel.“

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, segir fyrirkomulagið gallað enda geti 99 prósent fanga aldrei nýtt leyfið.




**Á Kvíabryggju eru fangar sem fara í dags- eða fjölskylduleyfi oftast sóttir af fjölskyldu eða vinum.** MYND/AFSTAÐA

> **Þessu er meðal annars ætlað að draga úr neikvæðum afleiðingum langrar innilokunar. Það er nánast engin reynsla komin á þessi leyfi.**
>
> Páll Winkel
> fangelsismálastjóri



„Það að heimila fjölskylduleyfi er auðvitað frábært í sjálfu sér en þeir sem hlotið hafa allt að tólf ára dóm geta aldrei fengið fjölskylduleyfi. Ástæðan er sú að fangar fá ekki dagsleyfi fyrr en eftir tvö ár en til að fá dagsleyfi þurfa menn að hafa afplánað einn þriðja hluta dóms síns. Ef þú ert með minna en tólf ára dóm þýðir það að þú sért kominn í verndarúrræði þegar þú gætir byrjað að nýta leyfið,“ segir Guðmundur.

Þá bendir Guðmundur á að í Noregi, þar sem endurkomutíðni sé lág, séu sambærileg leyfi veitt miklu fyrr og oftar. Þar sé litið á leyfi frá fangelsi sem eitt mikilvægasta úrræðið í aðlögun fanga að samfélaginu að nýju.

Páll Winkel segir skilyrði fjölskylduleyfisins vera lögbundin og að fangelsisyfirvöld hafi ekki svigrúm til að breyta reglunum með neinum hætti. **nadine@frettabladid.is**


Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

★ Veitingastaðir
★ Stóreldhús
★ Mötuneyti

hafid@hafid.is
554 7200



HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook



# TIL HAMINGJU ÍSLAND!

ÍSLENDINGUR FÉKK 262 MILLJÓNIR KRÓNA Í VINNING SÍÐAST OG ÍSLENSK GETSPÁ ÓSKAR VINNINGSHAFANUM HJARTANLEGA TIL HAMINGJU!

## 5.500 MILLJÓNIR

POTTINN AFTUR HEIM – ÞÚ VERÐUR AÐ VERA MEÐ!

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í 170.000.000
OFURPOTTURINN STEFNIR Í 5.330.000.000

RÖÐIN KOSTAR 80 KR.

VÍKINGA LOTTÓ
VINNINGINN HEIM!



Flak rússnesku þyrlunnar skammt frá Aleppo. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Rússnesk þyrla skotin niður suður af Aleppo

**SÝRLAND** Uppreisnarmenn í Sýrlandi skutu í gær niður rússneska herþyrlu af gerðinni Mi-8 skammt suður af borginni Aleppo. Um borð voru fimm manns, sem allir fórust.

Rússar segja að þyrlan hafi verið nýbúin að koma hjálpargögnum til íbúa í Aleppo. Birst hafa myndir af uppreisnarmönnum, þar sem þeir sjást draga klæðlaust lík eftir jörðinni í grennd við flak þyrlunnar.

Í austurhluta borgarinnar, sem uppreisnarmenn hafa á sínu valdi, búa enn um 250 þúsund almennir borgarar. Þeir eru þar einangraðir vegna umsáturs stjórnarhersins, sem reglulega varpar sprengjum á borgina og hefur meðal annars eyðilagt þar öll sjúkrahús.

**»Birst hafa myndir þar sem klæðlaust lík er dregið um nálægt flaki rússnesku þyrlunnar.**

Rússar hafa aðstoðað stjórnarherinn með loftárásum á borgina. Reynt hefur verið að fá stjórnarherinn og Rússa til að halda opnum leiðum frá borginni svo almennir borgarar geti komist þaðan, en hörðum loftárásum hefur ekki linnt. – gb

# Tyrkir kúgi ekki ESB

**TYRKLAND** Tyrknesk stjórnvöld segja að ekkert verði úr samkomulagi við Evrópusambandið um flóttafólk nema ESB standi við loforð sitt um að leyfa Tyrkjum að komast til ESB-landa án vegabréfsáritunar.

Þetta verði að gerast í október í síðasta lagi, að því er Mevlüt Cavusoglu utanríkisráðherra fullyrðir.

Sigmar Gabriel, leiðtogi þýska Sósíaldemókrataflokksins, segir að ESB megi undir engum kringumstæðum láta Tyrki kúga sig til að gefa eftir.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir að Tyrkir verði fyrst að uppfylla þau skilyrði, sem sett voru fyrir því að aflétta vegabréfsáritunarkröfunni af Tyrkjum.

Ein af þessum kröfum var sú, að málfrelsi verði virt í Tyrklandi. – gb



Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fordæmir Trump en styður hann samt áfram

**BANDARÍKIN** Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn John McCain hefur ekki dregið til baka stuðning sinn við Donald Trump, en fordæmir engu að síður orð Trumps í garð bandarískra múslimahjóna sem stigu á svið á landsþingi Demókrataflokksins í síðustu viku.

McCain, sem sjálfur var forsetaefni repúblikana árið 2008, segir að þótt flokkurinn hafi gert Trump að forsetaefni sínu þá veiti það honum ekki heimild til þess að niðra góðu fólki.

„Ég tel mig ekkert siðferðilega yfir Trump hafinn,“ sagði McCain. „En ég skora á forsetaefnið að sýna gott fordæmi um það sem land okkar getur og á að standa fyrir.“



John McCain öldungadeildarþingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hjónin komu fram á landsþinginu til að minnast sonar síns, sem var í Bandaríkjaher og féll í Íraksstríðinu. – gb

**Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki.**

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs.
Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.
**Umsóknarfrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2016.**
**Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna www.vinirvatnajokuls.is.**

## Uppreisnar gyðinga minnst í Varsjá



Þess var minnst í Varsjá í gær að 72 ár voru liðin frá því uppreisnin í gyðingahverfinu þar hófst. Hópur ungra liðsmenn í hreyfingu sem kallar sig Róttæka þjóðernishópinn gekk um með blys. Samnefnd hreyfing starfaði í Póllandi á fjórða áratugnum og stundaði þá ofsóknir á hendur gyðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Borga net og síma en fá ekki að vita notkunina

**Sjómenn Samherja segjast ekki fá sundurliðun á notkun sinni á neti og síma sem fyrirtækið dregur af launum. Samherji neitar að svara fyrirspurn Fréttablaðsins. Formaður Sjómannasambandsins segir þetta þurfa að liggja fyrir.**

**FJARSKIPTI** Sjómenn Samherja eru ósáttir við fyrirkomulag greiðslna sinna til fyrirtækisins vegna fjarskiptakostnaðar þegar þeir eru á hafi úti.

Á launaseðlum sjómannanna er settur upp kostnaður við fjarskipti án þess að þeir fái að sjá sundurliðun notkunar sinnar. Fyrirtækið hefur neitað að svara fyrirspurn Fréttablaðsins hvernig þessum málum er háttað.

Sjómenn Samherja greiða fyrir þann kostnað sem hlýst af fjarskiptum þeirra meðan þeir eru á hafi úti. Bæði símasamband við fastalandið sem og internettengingu greiða sjómenn sjálfir. Voru menn að greiða upp undir fjörutíu þúsund krónur í einum túr fyrir síma og net. Það sem þeir eru hins vegar ósáttir við er að þeir fá ekki að sjá sundurliðun á notkun sinni. Samherji rukkar fyrir afnotin með því að taka af launum sjómanna við útborgun.



Togari Samherja við festar í Akureyrarhöfn. Fréttablaðið/Sveinn

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir sambandið hafa farið í herferð í fyrra einmitt vegna fjarskiptakostnaðar sjómanna á hafi úti.

„Sumstaðar var það þannig að kostnaði við fjarskipti skipsins var bara deilt á áhöfnina og allir greiddu sama verðið óháð því hversu mikið sjómaður nýtti sér þjónustuna. Búið er að taka fyrir svoleiðis og þetta ætti að vera komið í lag á flestum stöðum,“ segir Valmundur. „Við viljum auðvitað og það á að vera þannig að sjómenn eiga að geta séð notkun sína.“

Valmundur segir sum fyrirtæki hafa þann háttinn á að veita sjómönnum sínum þessa þjónustu þeim að kostnaðarlausu.

Fréttablaðið sendi Samherja fyrirspurn um hvernig sjómenn greiði fyrir fjarskipti sín meðan þeir eru á hafi úti, hvort þeir geti fengið að sjá útskrift af notkun sinni með launaseðlum sínum og af hvaða fjarskiptafyrirtæki Samherji keypti þjónustu sína.

Anna María Kristinsdóttir, starfsmannastjóri Samherja, svaraði fyrir hönd fyrirtækisins á þá leið að þessar upplýsingar væru milli fyrirtækisins og starfsmanna og því myndi Samherji ekki gefa Fréttablaðinu umbeðnar upplýsingar.

sveinn@frettabladid.is

# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

## HEFST Í DAG

## 20–60% AFSLÁTTUR!

ÓTRÚLEG TILBOÐ Á HEILSURÚMUM. KOMDU NÚNA!

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH!!! 030816#1



Guðni og Eliza stíga úr forsetabílnum, komin á Austurvöll, og heilsa viðstöddum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sjötti forseti Íslands tekinn við völdum

**Embættistaka forseta Íslands fór fram í Alþingishúsinu í gær að lokinni messu í Dómkirkjunni. Nýr forseti minnti á að kosið verður til Alþingis í haust. Þá segir hann að Íslendingar gætu gert betur á sviði jafnréttis og menntunar sem og að enginn ætti að líða skort.**

**STJÓRNMÁL** Guðni Th. Jóhannesson, nýr forseti Íslands, var settur í embætti í Alþingishúsinu í gær. Hundruð mættu á Austurvöll til að fylgjast með athöfninni en fyrri hluti hennar fór fram í Dómkirkjunni. Eftir messu fluttu gestir sig um set yfir í þingsalinn. Honum hafði verið breytt svo fleiri myndu rúmast innan salarins.

Á meðal gesta voru ráðherrar, þingmenn, borgarstjóri, biskup, forseti Hæstaréttar og fyrrverandi forsetarnir Ólafur Ragnar Grímsson og Vigdís Finnbogadóttir. Þá voru allir formenn stjórnmálaflokka sem sæti eiga á þingi viðstaddir fyrir utan Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Framsóknarflokksins.

Mikil gleði ríkti á meðal þeirra sem komnir voru að fylgjast með. Sjá mátti íslenska fánann á lofti og enginn lét það trufla sig að ský hefðu dregið fyrir sólu eftir veðurblíðu undanfarinna daga.

Eftir formlega athöfn skrifaði Guðni undir kjörbréf sem Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, rétti honum. Því næst hélt hann út á svalir Alþingishússins og heilsaði viðstöddum. Að því loknu flutti hann innsetningarræðu sína í þingsal.

Guðni stiklaði á stóru í ræðu sinni og sagði meðal annars að sér væri efst í huga þakklæti fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt að taka við embættinu.

Hann sagði að forseti réði sjaldan úrslitum einn síns liðs en að hann teldi að hann eigi að standa utan sviðs stjórnmálanna. Hann eigi að vera óháður flokkum og fylkingum. Hann sagði hins vegar að hann myndi vekja máls á því sem honum byggi í brjósti, því sem vel væri gert en einnig því sem betur mætti fara.



Eliza horfir hlýlega til forsetans á svölum Alþingishússins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Guðni sagði að Ísland væri gott og friðsælt land og þar nytum við góðs af því sem eldri kynslóðir hefðu gert. Hins vegar mætti margt fara betur. Fólk ætti ekki að líða skort, allir ættu að eiga aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og enn væri ekki í land komið í jafnréttisbaráttunni. „Mér stendur nærri að nefna menntakerfið. Innan þess eiga allir að geta fundið sér farveg og nám við hæfi án þess að fjárhagur hamli för," sagði Guðni.

Guðni minntist á það í ræðu sinni að kosið yrði til þings í haust. Í viðtali við Ríkisútvarpið sagði Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra það ekki hafa komið sér á óvart, enda hafi þeir rætt kosningar sín á milli.

Að athöfninni lokinni bauð Guðni fjölda gesta til veislu á Bessastöðum, nýju heimili sínu. Starfsmaður forsetaembættisins sagði í samtali við Fréttablaðið að um 160 gestum hafi verið boðið, þó sé óvíst hversu margir hafi mætt. Á meðal gesta var fjölskylda Guðna sem og sjálfboðaliðar sem aðstoðuðu við framboð hans. THORGNYR@FRETTABLADID.IS



Guðni og Eliza koma bakdyramegin heim til Bessastaða í fyrsta skipti sem forsetahjón. FRÉTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Guðni og Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, ganga saman að Dómkirkjunni. Að baki þeirra eru meðal annars forsætisráðherra og biskup Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# ÚTSÖLU LÝKUR Á MORGUN

Lin DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS



## KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm
**179.990 kr.** ~~239.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinsti. Grátt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm
**149.990 kr.** ~~189.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



**30%** AFSLÁTTUR

## Kiruna
Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 × 90 × 78 cm.
**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

## Kiruna
Tveggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 162 × 90 × 78 cm.
**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



## CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm.
**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



**40%** AFSLÁTTUR

## BELINA
Borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 110 x 110 H: 74 cm
**59.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR

## PARIS
Borðstofustóll. Margir litir með sterkbyggðum viðarlöppum.
**9.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## SEATTLE
Borðstofustóll.
Svartur eða hvítur.
**6.990 kr.** ~~9.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## IRVINE
Barstóll.
Svartur, dökkgrár eða hvítur.
**8.390 kr.** ~~11.990 kr.~~

## ÖLL ÖNNUR SMÁVARA*
**20%** AFSLÁTTUR

* IITTALA OG KÄHLER ERU EKKI Á AFSLÆTTI

## BROSTE ESRUM MATARSTELL
**30%** AFSLÁTTUR





broste COPENHAGEN

## MODERN MATARSTELL FRÁ BROSTE
**70%** AFSLÁTTUR

**30%** AFSLÁTTUR

IVV Handmade in Italy home&table






*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Sumar ÚTSALAN LOKAVIKAN

## Allt að 70% afsláttur

### MINO
Hægindastóll. Svart, brúnt PU-leður og grátt áklæði.



27% AFSLÁTTUR

39.990 kr. ~~54.990 kr.~~



28% AFSLÁTTUR

### ADAM
LA-Z-BOY

Ljósbrúnt, grátt og rautt slitsterkt áklæði. Stærð: 82 × 98 × 104 cm

99.990 kr. ~~139.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

### SALLY
Hægindastóll PU-leður
Litir: Brandy, brúnn og svartur.

29.990 kr. ~~39.980 kr.~~

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*

### KENNEDY
Klassískt sófasett frá La-Z-Boy.
Grátt og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

Þriggja sæta: 196 x 100 x 97 cm.

119.994 kr. ~~199.990 kr.~~

Tveggja sæta: 177 x 100 x 97 cm.

113.994 kr. ~~189.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR



26% AFSLÁTTUR

### ARLINGTON
Hornsófi frá La-Z-Boy. Slitsterkt grátt áklæði. Stærð: 255 x 221 x 84 cm

279.990 kr. ~~379.990 kr.~~



28% AFSLÁTTUR

### CLEVELAND
Hægindastóll.
Ljós- og dökkgrátt áklæði.

24.990 kr. ~~34.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Trúa á forystuhlutverk Bandaríkjanna

**Á flokksþingum Demókrataflokksins og Repúblikanaflokksins nú í júlí, þar sem Hillary Clinton og Donald Trump voru formlega útnefnd forsetaefni, voru einnig samþykktar stefnuskrár flokkanna sem þingmenn þeirra eiga að starfa eftir næsta kjörtímabilið.**



Í nóvember verður ekki aðeins kosinn nýr forseti, heldur verður einnig kosið til þings í Bandaríkjunum. Þingkosningar eru þar á tveggja ára fresti en forsetakosningar á fjögurra ára fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**BANDARÍKIN** Stefnuskrár demókrata og repúblikana, sem samþykktar voru í nýliðnum mánuði, sýna að báðir flokkarnir líta á Bandaríkin sem boðbera frelsis og friðar í heiminum.

„Bandaríkin hafa alltaf verið ljósberi vonar fyrir þá sem búa við myrkur alræðisstjórnar, og þannig verður það að vera áfram,“ segir til dæmis í stefnuskrá Repúblikanaflokksins, og sérstök áhersla er lögð á forystu flokksins í þessum efnum: „Repúblikanar hafa verið í fararbroddi við að styðja verkefni sem hafa verndað og bjargað milljónum manna sem eru berskjaldaðastir og sæta mestum ofsóknum.“

Demókratar segja að verðmætamat Bandaríkjamanna veki vonir um heim allan og auki öryggi Bandaríkjanna sjálfra: „Við reynum að tryggja að þau gildi sem ríki okkar var byggt á, þar á meðal trú okkar á það að allir menn séu skapaðir jafnir, endurspeglist í öllu því sem ríkið okkar gerir,“ segir í stefnuskrá flokksins. „Þess vegna munum við styðja friðarviðleitni, vernda lýðræði og berjast í þágu þeirra sem vernda mannréttindi.“

Í stefnuskrám beggja flokkanna er víða vikið að hlutverki Bandaríkjanna í flestum heimshlutum. Hér eru nokkur dæmi.

### Evrópa og NATO

Í stefnuskrá repúblikana er að finna ótvíræðan stuðning við yfirlýsingar Donalds Trump um að stuðningur Bandaríkjanna við NATO sé háður því að Evrópuríkin standi við skuldbindingar sínar um fjárframlög til hervarna.

„Úr því að bandaríska þjóðin ver, miðað við höfðatölu, fjórum sinnum meira til varnarmála en Evrópubúar þá krefjumst við þess, eins og við höfum áður gert, að félagar okkar í NATO standi við skuldbindingar sínar og mæti auknum fjárfestingarþörfum sínum í herbúnaði.“

Fullyrt er að það sem til þessa hefur sameinað Bandaríkin og Evrópu, hin sameiginlega saga og sameiginlegt gildismat, sameiginlegir hagsmunir og markmið, séu í hættu vegna efnahagserfiðleika í Evrópu og breytinga á mannfjöldasamsetningu Evrópuríkja.

Repúblikanar segjast hins vegar ætla að mæta auknum hernaðarumsvifum Rússa af „þeim sama þrótti sem leiddi af sér hrun Sovétríkjanna. Við munum ekki fallast á neinar landamærabreytingar í Austur-Evrópu sem þröngvað er upp á fólk með valdi, hvorki í Úkraínu, Georgíu né annars staðar.“

Demókratar fordæma hins vegar þessa afstöðu andstæðinga sinna, segja að Donald Trump muni kollvarpa hálfrar aldar gamalli utanríkisstefnu Bandaríkjanna með því að yfirgefa samherja sína í NATO, en leita í staðinn á náðir Vladimirs Pútíns Rússlandsforseta.

„Við myndum gera Pútín það ljóst að við erum reiðubúin til að starfa með honum þar sem það er í okkar þágu,“ segir í stefnuskrá demókrata, „en við munum ekki hika við að standa gegn árásarstefnu Rússa. Við munum einnig standa með íbúum Rússlands og beita stjórnvöld þrýstingi til að virða grundvallarréttindi borgaranna.“

### Ísrael

Báðir flokkarnir lofa því að standa þétt við bakið á Ísraelsríki.

Demókratar rökstyðja það með því að sterkt og öruggt Ísraelsríki sé lífsnauðsynlegt fyrir Bandaríkin vegna sameiginlegra hagsmuna og sameiginlegs gildismats: „Þess vegna munum við alltaf styðja rétt Ísraels til sjálfsvarnar,“ segir í stefnuskránni, „og standa gegn allri viðleitni til þess að grafa undan stöðu Ísraels, meðal annars á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða í BDS-hreyfingunni,“ en sú hreyfing snýst um að fá einstaklinga, fyrirtæki og ríki til þess að neita að eiga viðskipti við Ísrael, hvetja banka og aðra til þess að fjárfesta ekki í ísraelskum fyrirtækjum og fá ríki til þess að beita Ísrael refsiaðgerðum.

Demókratar boða samt áfram stuðning við samninga um tveggja ríkja lausnina, sem myndi „tryggja framtíð Ísraels sem öruggs og lýðræðislegs ríkis gyðinga með viðurkenndum landamærum og sjá Palestínumönnum fyrir sjálfstæði, fullveldi og virðingu.“

Þeir ganga út frá því að Jerúsalem verði „áfram höfuðborg Ísraels, óskipt borg sem allir trúarhópar hefðu aðgang að.“

Repúblikanaflokkurinn ítrekar einnig í sinni stefnuskrá stuðning sinn við Ísrael og ætlar að sjá til þess að Ísrael hafi áfram hernaðaryfirburði gagnvart öllum andstæðingum sínum: „Við styðjum rétt og skyldu Ísraels til þess að verja sig gegn hryðjuverkaárásum og gegn öðrum hernaðaraðferðum sem beitt er gegn Ísrael, hvort sem beitt er lagalegum, efnahagslegum, menningarlegum eða öðrum aðferðum. Við höfnum þeirri ranghugmynd að Ísrael sé hernámsríki og veitum sérstaka athygli því að sniðgöngu-, fjárfestingastöðvunar- og refsiaðgerðahreyfingin er andgyðingleg í eðli sínu og stefnir að því að eyða Ísraelsríki.“

Í stefnuskrá Repúblikanaflokksins er aðeins einu sinni minnst á Palestínu, en það er í tengslum við Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Repúblikanar heita því að stöðva öll fjárframlög Bandaríkjanna til loftslagssamningsins, og vísa til þess að slík framlög séu bönnuð vegna þess að bandarísk lög frá 1994 banna stjórninni að veita fé í stofnanir tengdar Sameinuðu þjóðunum sem viðurkenna sjálfstætt Palestínuríki.

### Sérstaða Bandaríkjanna

Upphaf stefnuskrár Repúblikanaflokksins hljóðar þannig: „Við trúum á sérstöðu Bandaríkjanna. Við trúum því að Bandaríkin séu ólík öllum öðrum löndum á jörðinni.“

Nánari útlistun fylgir strax: „Við trúum því að Bandaríkin séu sérstök vegna sögulegs hlutverks okkar, fyrst sem griðastaðar, síðan sem varnarafls og nú sem fyrirmyndar frelsis heiminum öllum til gaumgæfni.“

Þessi „sérstöðuhyggja“ skín víða í gegn í stefnuskrám beggja flokkanna, ekki bara Repúblikanaflokksins, og ekki síður birtist hún í ræðunum sem fluttar voru á landsþingum þeirra í júlí.

„Látið engan segja ykkur að þetta land sé ekki stórkostlegt,“ sagði Michelle Obama forsetafrú á sviðinu í Philadelphiu. „Því einmitt núna er þetta stórbrotnasta land á jörðu.“

Með þessu var hún að andmæla loforðum Donalds Trump um að hann ætli sér að endurheimta fyrri reisn Bandaríkjanna, gera þau að stórkostlegu landi á ný.

Barack Obama forseti tók í sama streng, þótt ekki hafi hann notað hástig lýsingarorðsins:

„Bandaríkin eru nú þegar stórkostleg. Bandaríkin eru nú þegar sterk. Og ég heiti ykkur því að styrkur okkar, mikilfengleiki okkar, er ekki undir Donald Trump kominn.“

gudsteinn@frettabladid.is



Donald Trump á sviðinu í Cleveland eftir að hafa formlega tekið við útnefningu Repúblikanaflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Hillary Clinton ásamt varaforsetaefni sínu, Tim Kaine, og mökum þeirra á sviðinu í Philadelphia eftir að hafa tekið við útnefningu Demókrataflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Stefnuskrár flokkanna

Á fjögurra ára fresti samþykkja báðir stóru stjórnmálaflokkarnir í Bandaríkjunum, Repúblikanaflokkurinn og Demókrataflokkurinn, nýja stefnuskrá sem leggur línurnar fyrir næsta kjörtímabil. Að venju gegna utanríkismálin þar nokkuð stóru hlutverki.

> **Við trúum því að Bandaríkin séu sérstök vegna sögulegs hlutverks okkar, fyrst sem griðastaðar, síðan sem varnarafls og nú sem fyrirmyndar frelsis heiminum öllum til gaumgæfni.**
>
> Úr stefnuskrá Repúblikana

> **Við reynum að tryggja að þau gildi sem ríki okkar var byggt á, þar á meðal trú okkar á það að allir menn séu skapaðir jafnir, endurspeglist í öllu því sem ríkið okkar gerir.**
>
> Úr stefnuskrá Demókrata



Síðustu dagar útsölunnar!
Asiama sófasett í leðri, 3+1+1
verð kr. 665.000,-, nú kr. 465.500,-
30% afsláttur af öllum vörum!
Blómavasi LSA 25 cm
kr. 7.400,-, nú kr. 5.180,-
Kanna LSA 1,5L
kr. 5.300.-, nú kr. 3.710,-
-30%
KAK 5167 leðursófar og sófasett
Stærð: 3ja 186 x 104 cm, stóll 92 x 104 cm, 5 sæta 336 x 104 cm,
Verð: 3+1+1 625.000,- nú 437.500,-,
3ja sæta sófi 286.000,- nú 200.200,-, 5 sæta 518.000,-, nú 362.600,-
-30%
HTL 9801 hornsófi í leðri
Litir; svart, brúnt og grátt. Stærð 290 x 215 cm.
Verð kr. 698.000,-, nú kr. 488.600,-
pb home púði
kr. 7.400,-, nú kr. 5.180,-
Luktir Day Home,
frá kr. 9.800,-, nú frá kr. 6.860,-
-30%
-40%
PB home stóll m/skemli
verð kr. 88.000,- , nú kr. 52.800,-
idp Sphera leðursófar og sófasett
Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
Verð: 3+1+1 995.000,- nú 696.500,-,
3ja sæta sófi 475.000,- nú 332.500,-, stóll 260.000,-, nú 182.000,-
Ítölsk hönnun og framleiðsla
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.

# Nýr tónn



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Ræða Guðna Th. Jóhannessonar, nýs forseta lýðveldisins, við embættistökuna í gær gefur góð fyrirheit um framtíðina. Með nýjum forseta fylgir tónn samstöðu og bjartsýni í íslensku samfélagi.

Á miðnætti 31. júlí lét Ólafur Ragnar Grímsson af embætti forseta Íslands eftir tuttugu ára þjónustu við fólkið í landinu. Í gær var svo Guðni Th. Jóhannesson, sjötti forseti lýðveldisins, formlega settur í embætti. Í ræðunni var rauður þráður bjartsýni og samstöðu. Forsetinn fór líka yfir þau mál sem eru honum hugleikin. Hann sagði að góða heilbrigðisþjónustu mætti gera enn betri og tryggja að landsmenn nytu hennar jafnt, óháð búsetu eða efnahag. Stjórnarskráin á að veita landsmönnum tryggingu fyrir því að þeir fái notið þessara réttinda en það er mikilvægt að forsetinn haldi því á lofti. Nýr forseti sagði að enn væri verk að vinna í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og innan menntakerfisins ættu allir að geta fundið sér farveg og nám við hæfi, án þess að fjárhagur hamlaði för. Fjölmenning og alþjóðleg tengsl komu líka við sögu. „Gleymum ekki fjölmenningu landnámsaldar og þeim nánu tengslum við útlönd sem lögðu grunn að afrekum á sviði bókmennta og verklegum framförum síðar meir."

Í ræðu sinni minntist forsetinn á mikilvægi samstöðu meðal þjóðarinnar. „Eitt gildir þó um allar þjóðir, þá íslensku sem aðrar: Það sem sameinar þær verður að vega þyngra en það sem sundrar. Og hér hefur þjóðhöfðinginn hlutverki að gegna. Forseta ber að stuðla að einingu frekar, bera virðingu fyrir skoðunum annarra, varast að setja sig á háan hest," sagði forsetinn. Hann sagði að ólík sjónarmið yrðu að heyrast og málefnalegur ágreiningur væri til vitnis um þroskað og siðað samfélag.

Nýr forseti tekur við góðu búi enda er hann að taka við keflinu af fjirbúrðamanni. Þótt Guðni Th. Jóhannesson sé sinn eigin maður og muni setja sinn svip á embættið þarf ekki að velkjast í neinum vafa um að hann getur lært margt af Ólafi Ragnari Grímssyni. Ekki síst þegar kemur að því að treysta eigin dómgreind og innsæi og hafa nægilega mikið sjálfstraust til að taka umdeildar og erfiðar ákvarðanir þegar þess er þörf. Guðni sagði líka í ræðu sinni í gær að hann myndi þiggja ráð og leiðsögn og vænta góðs af samstarfi við forvera sína í embætti, þau Vigdísi Finnbogadóttur og Ólaf Ragnar. Í Vigdísi og Ólafi Ragnari hefur Guðni góðar fyrirmyndir og í verkum þeirra má finna mikilvægan vegvísi fyrir hann í embættinu þótt hann þurfi að finna sinn eigin takt og fylgja honum.

Það var viðeigandi fyrir boðskapinn í ræðu nýs forseta að hann skyldi vitna í texta Þorsteins Valdimarssonar sem Spilverk þjóðanna gerði ódauðlegan: „Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir, ein lítil býfluga afsannar það: Guð hjálpar þeim sem hjálpast að." Því það er rótgróið í samfélagsvitundina alveg síðan á þjóðveldisöld að Íslendingar styðja hverjir aðra og enginn er skilinn eftir útundan í íslensku samfélagi. Við gleymum ekki okkar minnsta bróður og þegar við hjálpumst að og vinnum saman eru okkur allir vegir færir.

FRÉTTABLAÐIÐ
57,4%
íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*
Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.
Gallup, apríl–júní 2016.

Allt sem þú þarft ...

Halldór




## Frá degi til dags

**Heill forseta vorum**

**Hr. Guðni Th. Jóhannesson er nýr forseti lýðveldisins Íslands. Var hann settur í embætti í gær í húsakynnum Alþingis. Í ræðu sinni af því tilefni talaði nýr forseti um mikilvægi þess að enginn hér á landi líði skort. Einnig lagði forseti þunga áherslu á að fjölmenning á Íslandi væri af hinu góða og ættum við eftir fremsta megni að leyfa fjölbreytninni að blómstra. Íslendingar væru ekki eins einsleitur hópur og hér áður fyrr. Einstaklingar legðu sitt af mörkum fyrir samfélagið hver svo sem bakgrunnur þeirra væri. Það er gott að fá forseta sem hugar að fjölmenningunni.**

**Í takt við tímann?**

**En það er merkilegt að árið 2016 skuli vera kominn fyrsti forseti lýðveldisins sem fæddur er á lýðveldistímanum. Það er kannski ágætis merki þess hversu ung þjóð við í raun erum. Fyrrverandi forsetar fæddust allir undir danskri krúnu. Síðan má spyrja sig hvort þetta embætti sé ekki í raun óþarft með öllu. Hægt er með auðveldum hætti að ákveða hlutfall kosningabærra manna til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur og forseti Alþingis getur haldið þjóðhöfðingja kokteilboð fyrir erlenda þjóðhöfðingja á meðan. Íslensk þjóð var forsetalaus frá miðnætti í gær þar til Guðni var settur í embættið án stóráfalla.**

sveinn@frettabladid.is

# Stjórnarstefna skiptir máli



Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir
alþingismaður

Jafnaðarmenn vilja eitt samfélag fyrir alla, gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu, auðlindir í þjóðareign, betra fiskveiðistjórnunarkerfi, menntun fyrir alla, jöfnuð og samábyrgð. Eins og nú er háttað búum við Íslendingar við annan veruleika. Hér gilda ekki sömu reglur fyrir alla, spilling hefur grafið um sig og góðærið er fyrir hina ríku.

Undanfarin ár höfum við orðið vitni að auðmannadekri og einkavinavæðingu samhliða niðurbroti mikilvægra samfélagsstoða og velferðargilda sem sem gengnar kynslóðir strituðu við að byggja upp til að skapa hér gott samfélag. Fátæktin sem við töldum okkur hafa útrýmt um miðbik síðustu aldar hefur aftur lætt sér inn í samfélag okkar eins og lúsin. Nú búa um 9 þúsund börn á heimilum undir lágtekjumörkum. Ungt fólk er fast í fátæktargildru á leigumarkaði og fátækt aldraðra hefur aukist. Fólk flytur frá landinu og skuldugur almenningur berst í bökkum. Þó fljóta milljarðarnir yfir barma ríkissjóðs. Sjávarútvegur og ferðaþjónusta mala gull og hafa aldrei staðið betur.

Í góðæri mundu siðuð stjórnvöld jafna lífskjör og gefa öllum tækifæri til menntunar. Þess í stað er búið í haginn fyrir auðmenn en tækifærum hinna efnaminni fækkað. Verið er að skerða aðgengi fólks að námi. Velferðarkerfið er í miklum vanda og engin menntastefna sjáanleg. Nú væri lag að koma á gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu til að leysa sjúklinga undan óheyrilegum heilbrigðiskostnaði. En hægt og bítandi er verið að ýta fólki inn í einkarekin heilbrigðis- og menntakerfi með því að fjársvelta svo hið opinbera kerfi að það rís ekki undir hlutverki sínu.

> **Fátæktin sem við töldum okkur hafa útrýmt um miðbik síðustu aldar hefur aftur lætt sér inn í samfélag okkar eins og lúsin.**

Nú væri lag að beita jöfnunaraðgerðum í skattkerfinu, fjölga skattþrepum og lyfta skattleysismörkum í stað þess að lækka skatta á auðmenn og hlífa stórgróðaatvinnuvegum við eðlilegri gjaldtöku. Nú mætti rétta við og jafna stöðu byggðanna í landinu með byggðatengdum skattaívilnunum, grænum greiðslum, góðum samgöngum og öflugum nettengingum. Þess í stað liggur vegakerfið undir skemmdum. Nú væri lag að koma á heilbrigðum leikreglum í sjávarútvegi og afnema hið óréttláta kvótakerfi.

Það skiptir máli hverjir stjórna. Þess vegna er lífsspursmál fyrir samfélag okkar að koma nýjum stjórnvöldum að í næstu kosningum.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Vald félagsráðgjafans



Haukur Hauksson
verktaki



Starfsfólk þeirra deilda sem kenndar eru við velferð, félagsmál eða fjölskyldumál hefur umsjón með þeim skjólstæðingum sem illu heilli þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Því fylgir mikil ábyrgð.

Til að fá framfærslu þarf að uppfylla allskonar skilyrði sem ég ætla ekki tíunda hér, enda virðist það vera misjafnt eftir því hvaða sveitarfélag um ræðir. Ætla þó að geta þess að óstaðfestar sögur um þessi mál benda til að fólki sé jafnvel mismunað eftir hverfum innan sama sveitarfélags.

Nú veit ég um skjólstæðing sem fékk ekki framfærslu sem von var á núna um mánaðamótin júní-júlí. Ástæðan sem var gefin upp er að málinu var frestað. Engar frekar skýringar. Fundur er hjá viðkomandi stofnun viku seinna. Þá verður málið tekið fyrir.

Maður spyr sig hvort þetta séu geðþóttaákvarðanir ráðgjafanna eða handónýtt kerfi. Nema hvort tveggja sé. Þetta er ótækt og niðurlægjandi. Að þurfa að bugta sig og beygja fyrir félagsráðgjafa í hverjum mánuði til að fá framfærslu til að lifa er auðmýkjandi en dugar ekki til. Málinu bara frestað. Og viðkomandi upp á náð og miskunn vina og vandamanna kominn.

Í 8. gr. í reglum um fjárhagsaðstoð hjá þessu tiltekna sveitarfélagi segir: „Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð sem eru í neyslu áfengis eða annarra vímuefna en bjóða aðstoð til að fara í áfengis/vímuefnameðferð. Heimilt er að veita þessum aðilum ½ grunnfjárhæð í sérstökum undantekningatilfellum.“

Já, takið eftir þessu: „Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð sem eru í neyslu áfengis ...“

Samkvæmt vef landlæknis drukku 46% karlmanna á aldrinum 51-60 ára áfengi vikulega eða oftar á árinu 2007. Sama ár drukku aðeins 6% kvenna á aldrinum 31-50 ára aldrei áfengi.

Sambærilegar tölur fyrir karlmenn sem drekka aldrei eru u.þ.b. 5-8 %, misjafnt eftir aldri. Það þarf ekki að fara nánar í þessar tölur en þær gefa vel til kynna hversu fáránleg og opin þessi regla nr. 8 er. Hún gefur þeim sem sem á heldur fullkomið vald til að hafna miklum meirihluta þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð. Á grundvelli 8. reglu. Hún býður líka upp á geðþóttaákvarðanir ráðgjafanna.

65. gr. Stjórnarskrárinnar hljóðar svona:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“.

Og 76. greinin:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“

Ekki verður annað séð en að áðurnefnd regla 8 stangist á við stjórnarskrána auk þess að opna á geðþóttaákvarðanir sem jafnvel gætu byggst á fordómum og fáfræði félagsráðgjafa.

Í þessu tiltekna máli fékk viðkomandi einstaklingur borgað föstudaginn 8. júlí og þá ⅓ eða samtals 98 þús. krónur.

Sá sem þarf að þiggja félóbætur er oftast ekki á hápunktinum í lífi sínu.

Það sækist enginn eftir því að

**Já, takið eftir þessu: „Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð sem eru í neyslu áfengis ...“**

lifa á því og þurfa auk þess að fara í gegnum þann hreinsunareld sem fólki er gert að ganga í gegnum. Það hlýtur að vera markmið félagskerfisins að byggja upp en ekki rífa niður. En of oft gerir það þveröfugt, það brýtur niður sjálfsvirðinguna að þurfa að standa í þessum ósanngjörnu viðskiptum til þess að hafa fyrir nauðþurftum. Eða ekki, því deila má um hvort upphæð sú sem í boði er dugi til framfærslu einstaklings á mánuð. Dæmi það hver sem vill. Eða vera jafnvel hafnað af einhverjum óljósum ástæðum sem faldar eru á bak við reglu nr. 8.

Margir eru of vanmáttugir til að sækja rétt sinn í flókið félagskerfið og verða því af þeirri aðstoð sem þeir hafa rétt til samkvæmt lögum. Kerfið er orðið að skrímsli sem lifir fyrir sjálft sig og starfsfólkið en ekki skjólstæðingana. Það er fremur sorglegt.

Ég skora á sveitarfélög sem hafa reglur á borð við 8. reglu að fara í naflaskoðun og hreykja sér varlega af titlum einsog „fjölskyldubærinn“ eða hvað annað sem þeim dettur í hug að upphefja sig með.

# Nýjar ógnir



Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra

Það ríkir varhugavert ástand á alþjóðavettvangi. Lykilorðin flóttamannavandi, Brexit, Erdogan og Úkraína minna á sumt það sem bæst hefur við á öld hryðjuverka, sem gekk í garð með árásinni á Tvíburaturnana í New York og Pentagon-bygginguna í Washington 11. september 2001. Þessar þaulskipulögðu fjöldamorðsaðgerðir kostuðu 3.000 manns lífið. Heimsbyggðin brást við og deildi sorg og vanmáttarkennd með Bandaríkjamönnum. Svipaðir strengir voru snertir síðar við hryðjuverkaárásirnar í London, París og Brussel. Fjöldi Íslendinga gjörþekkir þessar og aðrar borgir Evrópu og Bandaríkjanna, að ekki sé minnst á Nice sem þúsundir Íslendinga höfðu notið að heimsækja í HM-keppninni í fótbolta. Íslendingar tengjast þjóðum Evrópu tilfinningaböndum en hryðjuverkamenn Íslamska ríkisins þekkja engin landamæri á því svæði vestrænnar samvinnu, sem við tilheyrum og á sín grunngildi í frelsi og lýðræði.

Hernaður hryðjuverka, hin nýja ógn, var væntanlega ófyrirséður þegar ákvæði 5. greinar Atlantshafssáttmálans, um að árás á einn sé árás á alla, voru samþykkt 1949. Engu að síður varð greinin virk vegna árásarinnar á Tvíburaturnana og ekki stóð á samstöðu lýðræðisþjóða. En naumast var furða að leyst var úr læðingi stórátak gegn hryðjuverkum eftir árásirnar á Bandaríkin 2001, sem verður forgangsmál hjá George W. Bush forseta. Innrás í Írak er afleiðingin, en við mikið manndráp og eyðileggingu í sigurlausu stríði rýrðu Bandaríkjamenn tiltrú sína heima og erlendis.

Við sem aðrir njótum átaks bandalagsþjóða að brjóta á bak aftur yfirráð ISIS í Írak og Sýrlandi. Þar eru þjálfunaraðstöður sem draga að sér fjölda aðkominna hryðjuverkamanna frá Evrópulöndum. Varnir gegn hryðjuverkum byggjast mikið á samvinnu og upplýsingaskiptum bandalagsríkja til að torvelda undirbúning hryðjuverkastarfsemi. Í ljós kemur æ betur að eftirlit allt með þessum illvirkjum, sem nota sér duldar leiðir samskipta á internetinu, krefst mjög aukins netöryggis . En þegar á hólminn er komið er átakið gegn því sem skellur yfir, eða er aftrað, í höndum löggæslu og öryggissveita í löndunum sjálfum. Eðli málsins samkvæmt er það fyrsta skylda stjórnvalds að gæta öryggis borgara í eigin lögsögu og þróunin í nágrannlöndum um aukna öryggisgæslu er rækilega kynnt í fjölmiðlum. Eigum við því ekki að hverfa frá þeirri kenningu að við séum stikkfrí frá vopnaburði? Að sjálfsögðu á að vera sýnileg vopnuð gæsla við aðsetur æðstu stjórnar landsins og flugstöðina í Keflavík með þeim fáránlega fjölda ferðamanna sem flugfélög flytja inn í landið. Örtröð af þeirra völdum blasir við og í gær var upplýst að Vestmannaeyingar komast ekki að vild með Herjólfi!

Við lok síðari heimsstyrjaldarinnar var stofnun Sameinuðu þjóðanna ætlað að tryggja hrjáðum þjóðum frið og öryggi. En vonir um sættir þjóða á heimsvísu brustu fljótt vegna yfirráðastefnu Sovétríkjanna í nafni heimskommúnismans. Friður var tryggður í Evrópu með tilkomu Atlantshafsbandalagsins og velmegun sem þróaðist fyrir atbeina stofnana, einkum ESB. Íslendingar sem aðrir bjuggu við frið vegna varnarmáttar NATO og frumkvæðis um samninga um takmörkun kjarnavopna. Lengst var náð í þeim efnum við bæjardyrnar í Reykjavík með fundi Reagans og Gorbatsjovs í Höfða 1986. Sá fundur markar söguleg tímamót í ferli að endalokum kalda stríðsins. Árið 2014, í valdatíð Pútíns, snúast Rússar gegn fyrri samvinnu við vesturveldin með innrás í Úkraínu; vopnavæðing þeirra á norðurslóðum kallar vissulega á það eftirlitsflug Bandaríkjanna og NATO-þjóða frá Keflavík sem ákveðið er.

Varnar- og öryggismál Íslands hvíla á tvíhliða samstarfi við Bandaríkin og aðildinni að NATO, svo sem utanríkisráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, hefur lagt á áherslu. Þar hafa Íslendingar markað heillavænlega stefnu, sem ekki er átakamál. Þá er fullur stuðningur við það lífshagsmunamál að draga úr losun koltvísýrings með niðurstöðum loftlagsráðstefnunnar í París. Því til stuðnings er æskilegt að íslensk stjórnvöld lýsi yfir stöðvun á rannsóknarolíuborunum á Drekasvæðinu vegna skorts á betri vitneskju um ógn við fiskistofna. Þar með legðum við til sérstakan skerf í loftslagsmálum.

Ísland skiptir þó öllu máli vandmeðfarin stjórn efnahagsmála til aukins réttlætis.



BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

# ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
**Tvöfaldir LG kæliskápar með allt að 150.000kr afslætti**
Philips bluetooth hátalarar með allt að 60% afslætti
**Whirlpool uppþvottavélar frá 54.995**
LG 65”Ultra HD 4K sjónvörp frá 199.995

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR FERÐATÆKI MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

# TSALA

## R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti**
Vestfrost þvottavélar frá 39.995
**Kæliskápar í miklu úrvali á frábærum verðum**
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
**Philips heyrnartól með allt að 75% afslætti**
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ!**

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18,
LAUGARDAGA 11-16 OG
SUNNUDAGINN 7. ÁGÚST 13-17.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM ALLT LAND - SÍMI 5691500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# Kostnaðargreining velferðarþjónustu er forgangsverkefni og lykilhugtak



**Pétur Magnússon**
forstjóri Hrafnistuheimilanna og formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Við Íslendingar flokkum okkur jafnan með öðrum vestrænum þjóðum þar sem lífsgæði teljast hvað mest. Við gerum ríkar kröfur til samhjálpar og lítum því á gæði heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem eina af megingrunnstoðum velferðarsamfélagsins. Um það vitnar m.a. fjölmennasta undirskriftasöfnun Íslandssögunnar, þar sem samfélagsverkefni Kára Stefánssonar safnaði yfir 85 þúsund undirskriftum þar sem krafist er að Alþingi tryggi að árlega sé varið 11% af vergri landsframleiðslu til heilbrigðiskerfisins.

Þegar mikilvæg mál brenna á landsmönnum, ekki síst velferðarmál, hættir stjórnmálamönnum til að gefa yfirlýsingar um mjög háleit markmið og skapa væntingar sem þeir sem til þekkja vita að oft á tíðum er ómögulegt að standa við. Sem dæmi má nefna mikla áherslu á að aldraðir búi heima á eigin vegum eins lengi og mögulegt er. Sjónarmiðin að baki „búsetu á eigin heimili eins lengi og kostur er“ eru háleit og sú hugmyndafræði sem þar liggur að baki er góð. Hins vegar er veruleikinn sá að ef þeirri stefnu yrði framfylgt í mun ríkari mæli en nú myndi heildarkostnaður samfélagsins af rekstri velferðarþjónustunnar hækka verulega.

Undanfarið hefur ríkisvaldið í auknum mæli sett fram svokallaðar kröfulýsingar um þjónustuflokka í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Kröfulýsingarnar eru skjöl þar sem taldar eru upp ýmsar lágmarkskröfur sem hið opinbera vill gera til þeirrar þjónustu sem veita skal öldruðum og þeirra aðila sem taka að sér að veita þjónustuna. Þessum auknu kröfum ber að fagna enda er mjög mikilvægt að þjónustan sé vel skilgreind til að allir hagsmunaaðilar átti sig á til hvers sé ætlast. Það er í þágu hagsmuna þeirra sem njóta þjónustunnar og aðstandenda þeirra en ekki síður þeirra sem veita þjónustuna. Með auknum kröfulýsingum fæst aukið gegnsæi og betri sýn á það hvaða þjónustu á nákvæmlega að veita og ekki síður hvaða þjónustu ekki ber að veita innan þess skilgreinda ramma sem ríkisvaldið setur.

Að því sögðu verður að gera þá kröfu til yfirvalda að skilja betur á milli draumsýna og raunhæfra væntinga. Það er ekki hægt að uppfylla draumsýnir í velferðarmálum frekar en öðrum opinberum málaflokkum sem kostaðir eru af almannafé nema fyrir liggi kostnaðargreining á þeirri þjónustu sem veita á. Hvað velferðarþjónustuna varðar er nauðsynlegt að setja raunhæf markmið sem byggjast á kostnaðargreiningu á einstökum þjónustuþáttum þannig að yfirvöld á hverjum tíma séu meðvituð um þær fjárhæðir sem nauðsynlegar eru til málaflokksins svo uppfylla megi þær væntingar og kröfur sem yfirvöld vilja gera.

**Snýst um lífsgæði fólks**

Því má aldrei gleyma að velferðarþjónustan snýst um lífsgæði fólks, en ekki línulegar myndir í Excelskjali. Engu að síður er kostnaðargreining lykilhugtak í nútíma heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Eftir að íslenska efnahagskerfið fór að ná sér á strik aftur eftir hrun hafa hjólin sannarlega farið að snúast í rétta átt í efnahagslífinu. Enn er þó mikið verk óunnið á mörgum sviðum vilji Íslendingar standa á ný jafnfætis þeim þjóðum sem landsmenn vilja helst bera sig saman við. Það á ekki síst við um velferðarþjónustuna og sjaldan hafa verið betri tækifæri til þess en nú.

Rekstraraðilar heilbrigðisþjónustu þurfa oftar en ekki að sitja undir ámæli á opinberum vettvangi, einkum samfélagsmiðlum, þar sem þeim er legið á hálsi fyrir að vera lítt hæfir í störfum sínum þegar þeir eru samviskusamlega að uppfylla lög, reglugerðir og kjarasamninga og geta af þeim sökum ekki staðist ætlaðar fjárheimildir. Auðvitað á að gera sömu kröfur til rekstraraðila í heilbrigðis- og velferðarþjónustu um hagkvæmni, áætlunargerð og eftirfylgni eins og til annarra. Það verður bara að liggja fyrir að fjárhæðir dugi sannarlega fyrir þeirri þjónustu sem veita á með þeim réttindum og skyldum sem henni kunna að fylgja.

Sem ábyrgir þjóðfélagsþegnar hljótum við að gera þá kröfu að farið sé með sameiginlega sjóði okkar með ábyrgum hætti en að sama skapi sé ekki verið að búa til væntingar um þjónustu fyrir aldraða og sjúka sem aldrei verður hægt að uppfylla með þeim fjárhæðum sem eru til skiptanna. Það er mikilvægt að þeir sem höndla með almannafé viti hvað hlutirnir kosta. Það er líka mikilvægt að yfirvöld geri sér grein fyrir því um hvað þau biðja þegar samið er um heilbrigðis- og velferðarþjónustu og ekki síður hvernig fjármagna eigi þjónustuna. Aðeins þannig getum við hlúð betur að heilbrigðis- og velferðarþjónustunni, þessari grunnstoð samfélags okkar sem landsmenn hafa gefið skýrt merki um.

> **Það er mikilvægt að þeir sem höndla með almannafé viti hvað hlutirnir kosta. Það er líka mikilvægt að yfirvöld geri sér grein fyrir því um hvað þau biðja þegar samið er um heilbrigðis- og velferðarþjónustu og ekki síður hvernig fjármagna eigi þjónustuna.**

# Verðmæti úr auðlind



**Jens Garðar Helgason**
formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Mannkynssagan geymir margar sögur af því hvernig þjóðir hafa sóað auðlindum sínum með óábyrgum og ósjálfbærum hætti. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að þjóðum lánist að nýta auðlindir sínar með þeim hætti að þjóðin njóti afrakstursins. Okkur Íslendingum hefur hlotnast að byggja upp fiskveiðistjórnunarkerfi þar sem helst í hendur sjálfbær og ábyrg nýting auðlindarinnar sem um leið skilar íslensku þjóðinni miklum tekjum en til dæmis um það hefur greinin borgað um 100 milljarða í opinber gjöld á tímabilinu 2009-2014. Þar með er greinin einn af máttarstólpum velferðarsamfélagsins á Íslandi.

Íslendingum hefur tekist að skapa umhverfi þar sem byggst hafa upp öflug fyrirtæki um land allt sem eru burðarásar sinna byggða og tryggja starfsfólki sínu til sjós og lands öruggt og gott vinnuumhverfi allt árið – í stað þeirrar óvissu og vertíðarbundnu starfa sem áður einkenndu starfsumhverfi sjómanna og landverkafólks.

Í fréttum undanfarna daga hefur verið þó nokkuð fjallað um tilraunir með uppboð á aflaheimildum í Færeyjum. Þeim sjónarmiðum hefur verið haldið á loft að þessa aðferð eigi Íslendingar að taka upp þar sem þjóðin muni hagnast mun meira með þeim hætti. Íslensk útgerðarfélög borga í dag veiðigjald fyrir aðgang að auðlindinni. Uppboð er einungis önnur útfærsla á að rukka fyrir aðgengi. Hins vegar er innbyggður í uppboðsleiðina stór galli sem felur í sér að sjávarútvegsfyrirtækin geta ekki skipulagt rekstur sinn nema eitt ár fram í tímann sökum óvissu við uppboð. Uppboðsleiðin vinnur gegn langtímahugsun, dregur úr nýfjárfestingu, setur viðskiptasambönd við erlenda kaupendur sjávarafurða í uppnám og óvissa skapast fyrir sjómenn, landverkafólk og annað starfsfólk sem hefur beina og óbeina afkomu af rekstri viðkomandi fyrirtækja.

Er t.d. hægt að halda því fram með sannfærandi hætti að eigendur Bláa lónsins hefðu fjárfest eins og raun ber vitni ef þeir þyrftu að bjóða í aðgang að lóninu á hverju ári? Þá yrði það líklega vannýtt auðlind eins og dæmin sanna í þeim tilvikum þar sem deilur og ósætti við auðlindastjórnun hafa einkennt rekstur og umhverfi og tækifærum til verðmætasköpunar hefur verið sóað. Mun innleiðing skammtímahugsunar tryggja að við skilum auðlindinni af okkur í betra horfi til komandi kynslóða? Mín skoðun er sú að langtímahugsun og ábyrg auðlindastjórnun sé nauðsynlegur grundvöllur til að tryggja íslensku þjóðinni áframhaldandi verðmætasköpun til framtíðar.

> **Uppboðsleiðin vinnur gegn langtímahugsun, dregur úr nýfjárfestingu, setur viðskiptasambönd við erlenda kaupendur sjávarafurða í uppnám og óvissa skapast fyrir sjómenn, landverkafólk og annað starfsfólk Uppboðsleiðin vinnur gegn langtímahugsun, dregur úr nýfjárfestingu, setur viðskiptasambönd við erlenda kaupendur sjávarafurða í uppnám og óvissa skapast fyrir sjómenn, landverkafólk og annað starfsfólk.**

# Um háskólamenntun í tónlist – gæði náms, uppbygging og framþróun



**Þóra Einarsdóttir**
söngkona og aðjúnkt við Tónlistardeild LHÍ



Ég hef í nokkrum greinum hér í Fréttablaðinu vakið athygli á uppbyggingu og framþróun á sviði tónlistarmenntunar á Íslandi með áherslu á það starf sem á sér stað innan Listaháskóla Íslands á þeim sviðum þar sem ég hef kynnst starfinu af eigin raun.

Innan tónlistardeildar LHÍ fer einnig fram mikið starf sem ég hef ekki komið inn á í skrifum mínum og vert væri að fjalla um. Það er mikilvægt fyrir tónlistarlífið í landinu að vel sé búið að háskólamenntun á sviði tónlistar. Ennfremur er nauðsynlegt að tónlistarskólar sem sinna menntun á framhaldsstigi fái greitt úr þeim málum er snúa að fjármögnun námsins svo að tryggja megi fjölbreytt námsframboð og jafnrétti til náms.

LHÍ er ekki hafinn yfir gagnrýni, langt í frá. Skólinn er ungur og námið í stöðugri þróun. Á þeim skamma tíma sem skólinn hefur starfað hefur hann orðið einn helsti styrkleiki tónlistarlífsins á Íslandi. Fjölmargir nemendur skólans hafa fundið sér farveg á sviði tónlistar og þroskast og dafnað sem sjálfstæðir listamenn.

Þrátt fyrir aðstöðuleysi og fjárskort hef ég orðið vör við mikinn metnað stjórnenda um að námið þar sé framsækið og kröftugt, miði að þörfum nemenda og standist alþjóðlegar kröfur um gæði náms.

Listaháskólinn sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats og eftir forskrift gæðaráðs háskólanna. Óháð úttekt var gerð á tónlistardeild LHÍ árið 2012 á vegum AEC (evrópskra samtaka tónlistarháskóla).

**Undraverður árangur**

Í niðurstöðum úttektarinnar kemur fram að nefndin telur að tónlistardeild LHÍ hafi náð undraverðum árangri á skömmum tíma, gæði kennslunnar séu mikil og námið framsækið. Námið miði að þörfum nemenda og sýni sú staðreynd hversu stór prósenta þeirra fá atvinnu að námi loknu, að námið búi nemendur vel undir atvinnumennsku í tónlist. Í skýrslunni er vitaskuld komið inn á aðstöðuleysi og fjárskort en Tónlistardeild LHÍ er jafnframt hrósað fyrir útsjónarsemi og þegar kemur að nýtingu á rými og fjármunum. Þar koma einnig fram ábendingar um það hvernig þróa megi starf tónlistardeildar LHÍ. Síðan skýrslan kom út hefur verið unnið markvisst í að fylgja þeim ábendingum eftir.

Sem dæmi um uppbyggingu náms innan LHÍ hef ég í greinarskrifum undanfarið fjallað um: námsþróun innan LHÍ í alþjóðlegri samvinnu, framsækið nám í söng og menntun tónlistarkennara.

Fjölbreytt uppbygging á sér stað innan tónlistardeildar, og margt sem ég hef ekki komið inn á í skrifum mínum s.s. öflugt nám í tónsmíðum og eflingu rannsókna.

Nauðsynlegt er að bæta aðstöðu LHÍ svo áfram verði hægt að hlúa að þeim vaxandi fjölda nemenda sem þangað sækir, sinna rannsóknum og þróa framsækið og kröftugt nám.

> **Nauðsynlegt er að bæta aðstöðu LHÍ svo áfram verði hægt að hlúa að þeim vaxandi fjölda nemenda sem þangað sækir, sinna rannsóknum og þróa framsækið og kröftugt nám.**

# Skamm, Ísland!

**Jonas Tryggvason**
**Natalía Tryggvason**

Ísbirna álpast út á ísjaka og berst á haf út. Þegar ísjakinn svo bráðnar undan Birnu, þá syndir hún dauðasund og finnur loks land á Íslandi. Þreytt, lúin, svöng og veðruð skríður hún á land ... til þess eins að mæta þar ríkisráðinni skyttu sem skýtur hana í hjartastað. Þetta er í fimmta sinn á síðustu árum.

> **Hvað varð um mannúð, umhverfisverndarsjónarmið, virðingu fyrir náttúrunni?**

Þetta fallegasta dýr norðurhjarans er nálægt útrýmingarhættu, aðeins rúmlega 20 þúsund dýr eru eftir í heiminum. En það er ekki nóg fyrir Íslendingana. Þeir tala um umhverfið og kenna öðrum þjóðum um mengun og spillingu náttúrunnar. En hvar eru svo gjörðirnar? Umhverfisráðherra fyrri stjórnar setti reglur um að ísbirnirr skyldu felldir ef þeir gengju á land, af því það væri of kostnaðarsamt að bjarga þeim.

Þú hrokafulla þjóð sem gerir út á náttúruna, notar svo kalt fjárhagsmat, sem telur að það sé of dýrt að bjarga dýri í útrýmingarhættu. Hvað varð um mannúð, umhverfisverndarsjónarmið, virðingu fyrir náttúrunni?

Vonandi vaknar okkar þjóð og finnur lausn til að bjarga næsta ísbirni og þeim sem eiga eftir að koma.

# ÍSHOKKÍ ÞAÐ SKEMMTILEGASTA

**Bjarney Bjarnadóttir hefur stundað hinar ýmsu íþróttir og meðal annars orðið Englandsmeistari í handbolta. Hún hefur keppt í fitness, hlaupið langhlaup auk þess að vera nýbyrjuð í íshokkíi. Hingað til er það skemmtilegast.**



Bjarney reynir að stunda fjölbreytta þjálfun sem hún hefur gaman af og hefur æft ýmislegt í gegnum tíðina svo sem handbolta, íshokkí, karate og fitness.

Bjarney Bjarnadóttir, kennari, einkaþjálfari og handboltaþjálfari, reynir að stunda fjölbreytta þjálfun sem hún hefur gaman af. „Ég er með slæma brjóskeyðingu í öðru hnénu eftir íþróttameiðsl og það takmarkar mig töluvert en ég hef einbeitt mér að því sem ég get gert í staðinn fyrir að svekkja mig á því sem ég get ekki gert. Ég var eitthvað viðloðandi unglingalandsliðið í handbolta á sínum tíma, en hætti frekar ung að spila með meistaraflokki vegna alvarlegra meiðsla. Ég spilaði þó handbolta í Englandi þegar ég bjó þar og varð bæði Englands- og bikarmeistari. Ég er með græna beltið í karate og æfði með landsliðinu í skvassi á tímabili en það var ekki af því að ég sé svona góð, frekar út af skorti á kvenfólki í íþróttinni! En mér skilst ég hafi verið efnileg,“ segir hún og hlær. Upptalningunni er þó ekki lokið því Bjarney hefur líka keppt í fitness, hlaupið hálft maraþon, farið í fallhlífastökk, gengið á Hvannadalshnjúk og tekið þátt í alþjóðlegu „old girls“ íshokkímóti.

Hvað æfir þú? Síðustu sautján árin hef ég stundað lyftingar/styrktarþjálfun reglulega og það er algjörlega lykillinn að því að ég get gert allt það sem ég er að gera í dag. Ég hef kennt spinning í gegnum tíðina og reyni að fara í það reglulega þó ég sé hætt að kenna. Ég tók upp á því að byrja að æfa íshokkí í haust, byrjaði svo að fara aftur á skíði í fyrra eftir tuttugu ára pásu og fór á golfnámskeið í vor.

*Hvað færðu þér í morgunmat?* Mér finnst ekki þægilegt að borða um leið og ég vakna þannig að ég byrja alla morgna á acidophilus, psyllium-trefjum og grænu tei en fæ mér svo að borða í kaffinu í vinnunni kl. 9.30 og þá yfirleitt gróft brauð eða hrökkbrauð með hollu viðbiti, stundum fæ ég mér hafragraut þegar hann er í boði.

*Hvað æfir þú oft í viku?* Tvisvar til fimm sinnum. Ég er einstæð móðir og laga mína dagskrá að syni mínum en sem betur fer finnst honum gaman í barnagæslunni þannig að hann kemur yfirleitt með mér í ræktina. Íshokkíæfingarnar eru svo á kvöldin eftir að hann er sofnaður og þá veltur það á því hvort ég fæ pössun hvort ég kemst á þær. Þegar ég fer ekki á æfingu þá reyni ég að bralla eitthvað með stráknum, fara í sund, á skauta, út að hjóla og fleira og það er yfirleitt hellings æfing í sjálfu sér.

*Uppáhaldsæfingin?* Íshokkíæfingarnar eru það skemmtilegasta sem ég geri en í ræktinni finnst mér skemmtilegast að taka hnébeygjur.

*Notar þú fæðubótarefni?* Ég tek acidophilus, psyllium-trefjar, fjölvítamín og D-vítamín á hverjum degi og svo tek ég járnkúra af og til, tek þá C-vítamín með til að auka upptöku járnsins. Ég á alltaf af próteinduft heima og nota það stundum í boost. Annars reyni ég að borða mat þegar því verður við komið. Ég nota líka pre-workout áður en ég fer á æfingar.

*Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?* Miðað við hvað ég borða mikið af kjúklingi þá er í raun ótrúlegt að mér skuli ekki vaxa fjaðrir, en kjúlli í hinum ýmsu útgáfum finnst mér alltaf mjög góður. Mér finnst líka gott að fá mér mexíkóskan mat og það spillir ekki fyrir hversu einfalt það er að útbúa hann.

*Hvað færðu þér þegar þú ætlar að gera vel við þig?* Ég elska pítsur, ostafylltar brauðstangir og Vesturbæjarís. Svo var piparhúðaða Nóa kroppið að koma ansi sterkt inn! Annars finnst mér líka mjög gaman að fara út að borða og láta atvinnumenn og -konur elda ofan í mig.

*Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?* Ætli ég sé ekki morgunhani, er frekar kvöldsvæf þannig að ég vakna þá snemma á móti, auk þess sem ég á lífræna vekjaraklukku sem heldur mér við efnið. En allt fyrir klukkan sjö telst ennþá nótt hjá mér og sem betur fer er afleggjarinn sammála.

*Ertu nammigrís?* Já ég get ekki neitað því, það hefur reyndar minnkað með árunum, vil frekar nota hitaeiningarnar mínar í góðan mat heldur en næringarlausan sykur. Það er samt ekkert ósennilegt að fólk sjái mér bregða fyrir í Nammilandi um helgar!

**liljabjork@365.is**

BÍLABLAÐIÐ
kemur út 9. ágúst
Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.
FRÉTTABLAÐIÐ
Áhugasamir hafi samband við:
Atli Bergmann
+354 512-5457 (Sími/Tel)
+354 897-9144 (GSM/Mobile)
atlib@365.is















Það er vandratað í búðinni og iðulega margir skólar í gangi.

# ER ALLT GOTT Í HÓFI?

Allt er gott í hófi heyrist í tengslum við matarvenjur nánast daglega. Það rímar við opinberar næringarráðleggingar um víða veröld og álit margra sem láta sig málið varða. Hins vegar eru aðrir sem draga það í efa og telja vænlegra að útiloka vissar fæðutegundir með öllu.

Lengi vel hafa opinberar næringarráðleggingar hljómað á þann veg að fólk eigi að borða vel úr öllum fæðuflokkum; mest af grófu kornmeti, grænmeti og ávöxtum en minna af kjöti, fitu og sykri. Þeir sem aðhyllast paleo- eða lágkolvetnalífsstíl eru þó ekki á sama máli og vilja nær alfarið fjarlægja hver skyns kornvörur og sykur vegna þess að hvort tveggja hækkar blóðsykurinn hratt, sem hefur verið tengt við ýmsa lífsstílssjúkdóma. Sumir vilja sömuleiðis sleppa mjólkurvörum. Í staðinn er lagt til að fólk auki fitu- og grænmetisneyslu, en hin síðari ár hefur verið sýnt fram á að fituneysla sé ekki eins óæskileg og áður var talið.

Frasinn „allt er gott í hófi“ á kannski rætur að rekja til þess að margir sem fara í aðhald og halda í við sig á ströngu mataræði springa á endanum á limminu og fara fljótt í sama farið. Því er mögulega farin sú leið að ráðleggja fólki að borða sitt lítið af hverju en að halda magninu í skefjum.

Vandinn er að margir eiga erfitt með að leggja mat á meðalhófið. Í nýlegri rannsókn sem birtist í tímaritinu Appetite fyrr á árinu kemur fram að meðalhóf þýðir ekki það sama hjá öllum. Rannsóknin leiddi í ljós að fólk var ekki sérstaklega gott í að leggja mat á eigið mataræði hvað varðar magn og gæði og flestir töldu sig borða minna en raunin var og mátu það sem svo að þeir væru jafnvel að gera betur þegar kæmi að hollu mataræði en fólk almennt.

Þá hefur það sýnt sig að margir mynda fíkn í ákveðnar fæðutegundir og eru sætmeti, unnin kolvetni og saltur matur þar oft arlega á lista. Hjá mörgum þeirra þýðir ekki annað en að halda sig algerlega frá slíkum mat til að ná tilsettum árangri varðandi heilsufar og þyngd. Til eru mýmörg dæmi um árangur þeirra sem fara í algert fráhald og fer þeim fjölgandi. Á hinn bóginn hefur verið bent á að nútímamataræði er svo gegnsýrt af unnum kolvetnum og sykri að erfitt er að sneiða hjá þeim.

Opinberar næringarráðleggingar eiga að vera leiðbeinandi um val á hollu fæði en þær eru ekki meitlaðar í stein og eru í sífelldri endurskoðun. Í Bandaríkjunum eru þær gefnar út á fimm ára fresti og í ráðleggingunum 2015-2020 eru nokkrar athyglisverðar breytingar. Þar er til dæmis mælst til að fólk dragi úr neyslu dýrapróteina og þá sérstaklega karlmenn og unglingsdrengir en rannsóknir þar í landi sýna að þeir neyta of mikils próteins sem kemur meðal annars niður á grænmetisneyslunni. Þá er lagt til að fólk dragi enn frekar úr neyslu viðbætts sykurs og sætuefna. Amerísku hjartaverndarsamtökin mælast til þess að fólk borði ekki meira en 6-9 teskeiðar af sykri á dag og telja sumir það jafnvel of mikið. Að endingu eru efri mörk á kólesterólneyslu afnum- in en áður voru þau 300 mg á dag. Hins vegar er lögð áhersla á gæði kólesterólsins, hvaðan það kemur og í hvaða samhengi þess er neytt. Grænmetisommeletta þykir til dæmis betri kostur en beikonborgari.

Embætti landlæknis gefur út ráðleggingar um mataræði fyrir Íslendinga. Nýjustu opinberu ráðleggingar um mataræði voru gefnar út í lok árs 2014. Þær byggja að stórum hluta á norrænum næringarráðleggingum NNR 2012 sem voru kynntar í október 2013, öðrum rannsóknum á sambandi næringar og heilsu og niðurstöðum kannana um mataræði Íslendinga. Norrænu næringarráðleggingarnar hafa, samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis, verið endurskoðaðar á 8 ára fresti og þær íslensku í kjölfarið.

**vera@365.is**



**Flestir eru orðnir sammála um að mönnum væri holt að minnka sykurneyslu til muna.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Bryndís Hauksdóttir, *bryndis@365.is, s. 512 5434* Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429*

FASTEIGNIR.IS
vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ
31. tbl.
Þriðjudagur 2. ágúst 2016

heimili fasteignasala
– á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Erla Dröfn Magnúsdóttir Lögfræðingur
Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook

530 6500 | Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is | 530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason, Eigandi, Sölufulltrúi, 896 5221
Ingólfur Geir Gissurarson, Eigandi, Framkvæmdastjóri, Lögg.fasteignasali, 896 5222
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri, Löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356
Erlendur Davíðsson, Lögg. fasteignasali, Forstöðumaður útibús Ólafsvík, 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir, Skrifstofustjóri, margret@valholl.is, 588 4477



Heimir Bergmann, sölufulltrúi, 630 9000
Pétur Steinar Jóhansson, sölufulltrúi, 893 4718
Kristján S. Bjarnason, 611 4870
Sturla Pétursson, Löggiltur fasteignasali, 899 9083
Herdís Valb., Lögfræðingur, 694 6166

FÉLAG FASTEIGNASALA

VALHÖLL FASTEIGNASALA

20 ára VALHÖLL FASTEIGNASALA 1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is

# Glæsileg eign í Kópavogi

**Fold fasteignasala, s. 552-1400 kynnir: Glæsileg neðri sérhæð í fjórbýlishúsi á eftirsóttum stað í Kópavogi með fallegu útsýni yfir Elliðavatnið. Húsið er byggt árið 2014 .**



Glæsileg neðri sérhæð í fjórbýlishúsi á eftirsóttum stað í Kópavogi með fallegu útsýni yfir Elliðavatnið.



Húsið er hannað af Arkþing. Íbúðin er 149,5 fm með geymslu og skiptist í 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, þvottahús, stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr 36,1 fm. Samtals 185,6 fm. Grunnskipulagið er hannað af Guðbjörgu Magnúsdóttur innanhússarkitekt. Pallur og verönd við húsið eru samtals um 80 fm.

Sérinngangur, fataskápur í anddyri. Gangur með ljósum flísum. Tvö barnaherbergi með parketi og skápum. Þvottahús með flísum á gólfi og innréttingu sem gerir ráð fyrir þvottavél og þurrkara, þar er einnig vaskur og vinnuborð. Hjónaherbergi með parketi og skápum, sérbaðherbergi inn af því.

Gengið út á hellulagða verönd frá hjónaherbergi. Baðherbergi flísalagt með sturtuklefa. Stofa með parketi og þaðan gengið út á rúmgóðan pall. Eldhús með sérsmíðaðri GKS innréttingu, granítborðplötu (kvarz-steinn), spanhelluborði og gufugleypi. Ísskápur og uppþvottavél fylgja.

Bílskúr er á jarðhæð hússins með vatni, hita og rafmagni. Snjóbræðsla í plani og stéttum upp að útidyrahurðum. Sameiginleg hjólageymsla í kjallara. Internet-tenging í stofu, herbergjum og bílskúr. Raflögn í stofu gerir ráð fyrir tækjaskáp með internettengingu og og sérlögn fyrir hátalara. Bílskúrinn er með hurðaopnara sem býður upp á símatengingu fyrir opnun og lokun. Frostþolin vatnstenging er á verönd ásamt rafmagnstengli, einnig voru lögð rafmagnsrör undir hellur fyrir möguleika á uppsetningu ljósa á útvegg verandar.

***Nánari upplýsingar hjá fasteignasölunni Fold.***

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Kvíslartunga 80 – 270 Mosfellsbær**




224,9 m² parhús á tveimur hæðum í byggingu. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga í nóvember 2016. Eignin er skráð 224,9 m², þar af parhús á tveimur hæðum 200,3 m² og bílskúr 24,6 m². **V. 47.9 m.**

**Hulduhlíð 11 - 270 Mosfellsbær**




Falleg 65,8 m², 2ja herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi . Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, geymslu innan íbúðar, eldhús og stofu. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. Eignin verður afhend nýmáluð að innan. **V. 27,5 m.**

**Lindarberg 28 - 221 Hafnarfjörður**




228,6 m² parhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í: Efri hæð: Forstofa, gestasnyrting, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Neðri hæð: Þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Hellulagt bílaplan. Timburverönd og svalir í suðvestur. **V. 65,0 m.**

**Háabarð 11 - 220 Hfj.**




196,1 m² einbýlishús með rislofti. Eignin er skráð 196,1 m², þar af íbúðarhluti 171 m² og bílskúr 25,1 m². Húsið sem er skráð hlaðið með holsteini þarfnast gagngerra endurbóta. Gróin lóð með stórum timburveröndum. **V. 34,5 m.**

**Spóaás 16 - 221 Hfj.**




259,5 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr á fallegum stað. Hellulagt bílaplan og verandir fyrir framan húsið. Fallegt útsýni í suður frá húsinu. Eignin skiptist í 4-5 herbergi, forstofu, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús/geymslu, bílskúr með geymslulofti, eldhús, samliggjandi stofur og eldhús. **V. 64,9 m.**

**Fífuvellir 10 - 221 Hfj.**




217,7 m² einbýlishús. Eignin er skráð 217,7 m², þar af íbúðarhluti 185,3 m² og bílskúr 32,4 m². Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, eldhús, borðstofu, stofu, bílskúr og geymslu. **V. 53,5 m.**

**Kirkjubrekka 7 - 225 Álftanes**




219 m² parhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í: Efri hæð: forstofa, bílskúr, geymsla, gestasnyrting, eldhús, stofa og borðstofa. Neðri hæð: Þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sjónvarpshol og þvottahús/geymsla. Stórt steypt bílsplan og svalir með fallegu útsýni. **V. 58,0 m.**

**Sólheimar 44 - 104 Reykjavík**




137,9 m² sérhæð á 1. hæð ásamt 25 m² bílskúr. og tvennar svalir. Eignin skiptist í dag í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, hol, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 55,5 m.**

**Réttarholtsvegur 85 – 108 Reykjavík**




124,2 m² raðhús Um er að ræða vel skipulagða eign á 3 hæðum, á þessum vinsæla stað. Eignin skiptist í: Forstofu, gang, stofu/borðstofu, eldhús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, þvottahús og geymslu. **V. 41,9 m.**

**Kleifakór 17 - 203 Kópavogur**




255,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Á efri hæðinni er forstofa, gestasnyrting, svefnherbergi, eldhús, stofa, borðstofa og bílskúr. Á neðri hæð eru fjögur svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Sjáanlegar eru miklar rakaskemmdir í húsinu. Ástandsskýrsla fyrir eignina liggur fyrir. **V. 62,0 m.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

2015 Framúrskarandi fyrirtæki



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

**Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs**

### *Vatnsendablettur - Kópavogi. Einstök staðsetning.*



Glæsilegt 300,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað alveg niður við Elliðavatn. Arkitekt er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Mikil lofthæð á efri hæð. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og borðstofu. Þetta er glæsilegt og vandað hús með einstakri staðsetningu við Elliðavatnið. Lóðin er mikið til villt og hefur verið látin halda sér að mestu. Frábært tækifæri fyrir t.d. hestaáhugafólk.

Fyrir liggur heimild um byggingu hesthúss á lóðinni fyrir 6 hesta.

**Verð 99,0 millj.**

### *Markarflöt – Garðabæ.*



Stórglæsilegt 352,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið stendur á glæsilegum útsýnisstað á 1.065 fm. lóð. Húsið var nánast allt endurnýjað að innan og utan árið 2005 og er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt. Lóð var endurnýjuð að stórum hluta á sama tíma. Verulega aukin lofthæð er í húsinu og extra háar innihurðir. Fyrir liggja teikningar af stækkun hússins uppí allt að 500 fermetra. Á baklóð er stór verönd og þaðan gengið í garð, sem er tyrfður og með miklum gróðri og heitum potti. Fyrir liggja teikningar af stækkun hússins uppí allt að 500 fm.

### *Fellsás- Mosfellsbæ. Parhús. Tvær íbúðir.*



267,7 fm. parhús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað í Mosfellsbæ með innbyggðum 33,3 fm. bílskúr. Búið er að loka á milli efri og neðri hæðar og er nýtt í dag sem sitthvor hæðin. Auðvelt er að opna aftur á milli hæða. Auk þess er búið að útbúa 32,2 fermetra stúdíó íbúð undir bílskúr með baðherbergi og eldunaraðstöðu. Aukin lofthæð er á efri hæð eignarinnar og svalir til vesturs.
Eignin er í enda botnlanga með óhindruðu útsýni yfir sundin, Snæfellsjökul og Esjuna.

**Verð 64,9 millj.**

### *Súlunes – Garðabæ.*



Mjög fallegt og vandað 291,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með meðtöldum 64,0 fm. tvöföldum bílskúr á 1.469,0 fm. eignarlóð í Garðabæ. Húsið, sem hefur verið mjög vel viðhaldið og nokkuð endurnýjað í gegnum árin er í góðu ástandi að innan sem utan. Hjónasvíta með sér baðherbergi. Alrými sem í eru parketlögð setustofa og arinstofa með fallegum arni. Mjög mikil lofthæð í stofum og fallegt útsýni til sjávar. Úr stofum er útgengi á svalir til suðausturs. Lóðin er fullfrágengin og ræktuð með stórum og skjólsælum veröndum.

**Verð 89,9 millj.**

### *Vindakór - Kópavogi. 6 herbergja endaíbúð með 80 fm. þakgarði.*



Íbúðin er 205,6 fm. að stærð auk 80,0 fm. þakgarðs til austurs, norðurs og suðurs með stórbrotnu útsýni og um 12,0 fm. flísalagðra svala til suðurs. Tvö sér bílastæði í bílageymslu og 26 fm. sér geymsla.

Íbúðin er sérstaklega vel skipulögð og björt með eikarparketi á gólfum, hvítum innihurðum, hvítum + hnotuinnréttingum og gólfsíðum gluggum að hluta. Tvö stór baðherbergi og fjögur svefnherbergi eru í íbúðinni og stórar og glæsilegar stofur.

**Verð 73,9 millj.**

### *Kirkjulundur 14 – Garðabæ. Laus strax.*



Glæsileg 108,4 fm. íbúð á 1. hæð í vönduðu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Garðabæ, þaðan sem stutt er í alla þjónustu. Yfirbyggðar opnanlegar flísalagðar svalir til suðurs og mynddyrasímakerfi. Sér bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er mjög smekklega innréttuð úr vönduðum byggingarefnum. Eikarparket er á gólfum, innréttingar og innihurðir eru úr eik og granít er í gluggakistum og á öllum borðplötum.

**Verð 53,9 millj.**

### *Sumarhúsalóðir við Úlfljótsvatn.*



Tvær sumarhúsalóðir við Úlfljótsvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðirnar eru samtals 19.218 fermetrar og seljast saman. Samkvæmt núverandi skipulagi eru þetta „endalóðir", og ekki gert ráð fyrir nærliggjandi raski/byggingum í vestur, norður eða austur. Lóðirnar standa að mestu leyti á hól, með útsýni til allra átta. Allar tengingar/tenglar eru til staðar við sitt hvora lóðina.

### *Sumarhús á eignarlandi í Skorradal.*



Vandað sumarhús/heilsárshús á 5.938 fm. eignarlandi með stórkostlegu útsýni yfir Skorradalsvatn. Húsið er vandað finnskt bjálkahús á steyptum kjallara. Timburverönd umlykur bústaðinn á þrjá vegu og geymsluaðstaða, sturta og rafmagnspottur er á verönd. Gólfhiti er í húsinu. Bátur með 120 hestafla utanborðsmótor fæst keyptur ef vill fyrir kr. 1,0 millj. Landið er allt vaxið birki. Malarborin bílastæði eru við bústaðinn og er þar pláss fyrir þrjá til fjóra bíla.





# LUNDUR 17 - 23, KÓPAVOGI.

## NÝ OG GLÆSILEG FJÖLBÝLISHÚS.

**Mjög vandaðar og glæsilegar íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja og eru frá 98 fm. upp í 183 fm. Allar innréttingar verða frá Brúnás, eikarhurðir frá Parka. Vönduð eldhústæki frá AEG og hreinlætistæki. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna nema á baðherbergi og í þvottahúsi verða flísar. Íbúðir í Lundi 17-23 verða afhentar á tímabilinu jan-júní 2016. Innréttingar eru sérsmíðaðar, en óski kaupandi eftir breytinginum þurfa slíkar óskir að koma fram tímanlega.**

**Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.**




# LANGALÍNA 20 - 26, SJÁLANDI GARÐABÆ.

## NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.
## MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

**Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.**

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**
**Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**




## *Klapparstígur. Íbúð á efstu hæð - Þrennar svalir.*

Stórglæsileg 147,3 fm. íbúð á 6. hæð, efstu, í góðu fjölbýlishúsi neðst við sjóinn með þrennum svölum og frábæru útsýni til vesturs, norðurs og austurs. Þetta er eina íbúðin á tveimur efstu hæðum hússins og fylgja tvö sér bílastæði í bílageymslu. Sérinngangur og fordyri er úr lyftu, en lyftan gengur eingöngu upp á þessa hæð fyrir íbúðina. Sérsmíðaður stálstigi með viðarþrepum er á milli hæða innan íbúðarinnar. Granít er í gluggakistum.**Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta og er björt og vel skipulögð. Rúmgóðar svalir til austurs og vesturs og minni svalir til norðurs. Einstakt útsýni og frábær staðsetning í göngufæri við miðborgina.**

**Verð 84,9 millj.**




## *Laugavegur. Glæsileg íbúð á tveimur efstu hæðum*

Stórglæsileg og algjörlega endurnýjuð 145,9 fm. íbúð á tveimur efstu hæðunum (LOFT). Íbúðinni fylgir langtímaleigusamningur um tvö bílastæði í bílastæðahúsi Reykjavíkurborgar við hlið hússins. 20 fm. suðursvalir eru á íbúðinni og hægt er að stækka þær enn frekar. Einungis tvær íbúðir eru í húsinu.

Íbúðin var öll endurnýjuð hið innra fyrir um 10 árum síðan á vandaðan hátt. Það sem endurnýjað var þá voru m.a. allar lagnir, gólfefni, innréttingar, tæki, gler, gluggar o.fl. Gólfhitakerfi er í alrými á neðri hæð íbúðarinnar en ofnar á þeirri efri. Hljóðeinangrun á milli hæða er meiri en gengur og gerist. Útsýnis nýtur af efri hæð að Esjunni og yfir Faxaflóann

**Verð 69,9 millj.**

## *5 HERBERGJA*



### BRATTAKINN– HAFNARFIRÐI. SÉRHÆÐ.

Góð 135,8 fm. 5 herbergja neðri sérhæð að meðtöldum 29,6 fm. sérstandandi bílskúr á góðum stað við Bröttukinn í Hafnarfirði. Eldhús með viðarinnréttingu. Rúmgóð stofa með suðurglugga. Fjögur herbergi. Góð aðkeyrsla sem rúmar 2-3 bifreiðar. Lóðin er með veröndum og hellulögn.

**34,9 millj.**

## *4RA HERBERGJA*




### RJÚPNASALIR 10 - KÓPAVOGI.

**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Falleg og björt 111,3 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 8,0 fm. sérgeymslu í kjallara, í vönduðu fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Salahverfi. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi, öll með fataskápum. Sér stæði í bílageymslu. **Verið velkomin.**

**39,9 millj.**

## *2JA HERBERGJA*



### ROFABÆR.

53,7 fm. íbúð á jarðhæð við Rofabæ. Ný verönd til suðurs út af stofu. Eldhús, stofa og svefnherbergi með gluggum til suðurs. Um er að ræða vel staðsetta íbúð í grónu hverfi þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu, skóla og íþróttasvæði.

**22,9 millj.**

## *4RA HERBERGJA*



### STRANDVEGUR – SJÁLANDI GARÐABÆ.

**Útsýnisíbúð á efstu hæð.** Virkilega glæsileg 124,5 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð í vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu auk sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er mjög björt með rúmgóðum suðursvölum og fallegum útbyggðum glugga til norðurs þaðan sem nýtur gífurlega fallegs útsýnis m.a. til sjávar. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.**

**49,9 millj.**

## *4RA HERBERGJA*



### VINDAKÓR 10-12- KÓPAVOGI. TIL AFHENDINGAR STRAX.

Mjög góð 4ra herbergja 115,2 fm. íbúð á 4. hæð að meðtalinni sér geymslu. Góðar svalir og stæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Íbúðin afhendist án gólfefna, þó eru flísar á baðherbergi og þvottahúsi.

**39,5 millj.**

## *3JA HERBERGJA*



### ÁLFASKEIÐ - HAFNARFIRÐI.

Góð 83,5 fm. 3ja-4ra herb. neðri hæð við Álfaskeið að meðtöldu herbergi í kjallara. Íbúðin að innan er mikið endurnýjuð og er í góðu ástandi. Góður gluggi til suðurs úr stofu. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu. Tvö góð herbergi.

**24,9 millj.**

## *4RA HERBERGJA*



### HELLUVAÐ. ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Útsýnisíbúð með suðursvölum í fjölbýlishúsi á mörkum Elliðavatns, Heiðmerkur og Rauðavatns. Sér bílastæði í bílageymslu. Eingöngu tvær íbúðir á hverri hæð. Útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Góð aðkoma. Sameign snyrtileg.

**42,9 millj.**

## *3JA HERBERGJA*



### HLÍÐARÁS – MOSFELLSBÆ. NEÐRI SÉRHÆÐ.

Glæsileg og mikið endurnýjuð 139,8 fm. neðri sérhæð með suðvestur verönd, sér bílastæði á lóð og bílskúrsrétti. Björt og rúmgóð stofa. Þrjú herbergi. Að innan er íbúðin mikið endurnýjuð, m.a. eldhús, baðherbergi, gólfefni, raflagnir o.fl. Útidyrahurð eru ný. Hiti er í útitröppum og stétt fyrir framan hæð. **Göngustígar liggja bæði inn Mosfellsdal og niður í Álafosskvos. Stutt er í Varmárskóla.**

**38,9 millj.**

## *ELDRI BORGARAR*



### GRANDAVEGUR 47 – 60 ÁRA OG ELDRI.

Mjög góð 86,6 fm. útsýnisíbúð á 2. hæð auk 7,5 fm. yfirbyggðra svala og 7,7 fm. sérgeymslu í kjallara. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu. Samliggjandi stofur með útsýni til sjávar. Tvö herbergi. Eignin var endurnýjuð að stórum hluta að innan af arkitekt fyrir um 10 árum síðan Húsvörður er í húsinu. Á efstu hæð hússins er sameiginlegur matsalur.

**42,7 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* 1957

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2013 - 2015 Framúrskarandi fyrirtæki



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, viðskiptafræðingur, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali · Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s. · Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## AFLAKÓR 1 - 203 KÓPAVOGUR



268,2 fm glæsilegt vel hannað parhús á einstaklega góðum útsýnisstað í Kópavogi. 27,5 fm bílskúr fylgir. Húsið er fullbúið með vönduðum innréttingum frá GKS, gólfefni eru flísar og parket. Sér 2ja herbergja íbúð á neðri hæðinni með sérinngangi. Vandaðar innréttingar, stórar suðursvalir með timburverönd. **V. 79,5 m.**

## VIÐARRIMI 2 112 REYKJAVÍK




Mjög gott 146,4 fm endaraðhús á einni hæð, gróinn og skjólgóður garður með sólpalli. Þrjú til fjögur svefnherbergi, arinn og góð lofthæð í húsi.

**Opið hús þriðjudaginn 2. ágúst milli kl 17:15 og 17:45**

**V. 54,9 m.**



## KLEPPSVEGUR 88
### 104 REYKJAVÍK



Fallegt 247,3 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Á neðri hæð er andddyri með gestasnyrtingu og stiga, forstofuherbergi, bókastofa, tvö herbergi, gangur, sauna með sturtu, tvær geymslur og innbyggður bílskúr. Á efri hæð er milligangur (stigarými), stofur, eldhús með borðkrók, þvottaherbergi, sjónvarpsstofa (áður tvö herbergi), herbergi, baðherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi. Tvennar svalir. Falleg lóð með verönd og matjurtargarði. **V. 75 m**

## ENNISHVARF 15A
### 203 KÓPAVOGUR



Fjögurra herbergja 124,5 fm íbúð á efri hæð í fallegu frábærlega staðsettu litlu fjölbýli ásamt 31,2 fm bílskúr (m. geymslu) Glæsilegt útsýni. Vandaðar eikarinnréttingar. Granít á borðum. Baðherbergi og gestasnyrting. Þrjú stór herbergi, mikið skápapláss. Stórar svalir. **V. 46,9 m.**

## FANNAFOLD 14
### 112 REYKJAVÍK



Fallegt og vel staðsett einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr sem breytt hefur verið í ca 50 fm íbúð með sérinngangi. Húsið stendur innst í botnlanga á rólegum stað í Fannafold í Grafarvogi. Stór og mjög skjólríkur garður.**V. 66,6 m.**

## LUNDARBREKKA 8
### 200 KÓPAVOGUR




Vel skipulögð 5 herbergja endaíbúð á 2.hæð með sérinngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, forstofuherbergi, eldhús með borðkrók, geymslu og innri gang með þremur herbergjum og baðherbergi. Á hæðinni er sameiginlegt þvottaherbergi og í kjallara er mjög stór geymsla sem tilheyrir íbúðinni. **Opið hús þriðjudaginn 2. ágúst milli kl 17:15 og 17:45 Íbúð 205** **V. 34,9 m.**

## SÓLHEIMAR 44
### 104 REYKJAVÍK



137,9 fm neðri sérhæð í 4ra íbúða húsi á frábærum stað í austurborginni ásamt 35,0 fm bílskúr. Mikið endurnýjuð íbúð m.a. eldhús, baðherbergi, gólfefni og fl. Eftir er að skipta um innihurðir. Mjög gott skipulag. Góðar svalir og ræktaður garður. Eignin er til afhendingar við kaupsamning. Uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fasteignas.í s. 899-1882 eða thorarinn@eignamidlun.is. **V. 55,5 m.**

## BARRHOLT 15
### 270 MOSFELLSBÆR



Einbýlishús með bílskúr alls 182 fm. Eignin skiptist í tvö baðherbergi, eldhús, þvottaherbergi, sjónvarpshol, stofu, borðstofu, fjögur svefnherbergi, bílskúr og geymslu. Uppl. veitir Gunnar J Gunnarsson hdl. og lögg.fasteignasali í síma 695-2525 eða gunnarj@eignamidlun.is **V. 52,5 m.**

## SPÓAÁS 16
### 221 HAFNARFJÖRÐUR



Einbýlishús á einni hæð 259,5 fm m. bílskúr sem er 45,8 fm. Mjög góð staðsetning á útsýnisstað. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Rúmgóð stofa með kamínu. Suðurgarður. Stór bílskúr. Uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fasteignas.í s. 899-1882 eða thorarinn@eignamidlun.is. **V. 64,9 m.**

## RÉTTARHOLTSVEGUR 85
### 108 REYKJAVÍK



124,4 fm Raðhús á þremur hæðum í Smáíbúðahverfinu. íbúðin á tveimur hæðum, stórt herbergi ásamt þvottahúsi og geymslu er í kjallara. Uppl. veitir Brynjar Þór Sumarliðason, s.896-1168 - brynjar@eignamidlun.is. / BSc viðskiptafræði og nemi til löggildingar fasteignasala. **V. 41,9 m**

## KIRKJUBREKKA 7
### 210 GARÐABÆR



219 fm parhús á tveimur hæðum m. innbyggðum bílskúr á mjög góðum stað. Steypt plan framan við húsið. Fallegt útsýni. Húsið er til afhendingar við kaupsamning. Uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fasteignas.í s. 899-1882 eða thorarinn@eignamidlun.is. **V. 58 m.**

## RJÚPNASALIR 10
### 203 KÓPAVOGUR



Vel staðsett 3ja herbergja 94,8 fm íbúð á 7. hæð í 10 hæða lyftuhúsi við Rjúpnasali í Kópavogi. Fallegt útsýni, rúmgóðar suðaustur svalir og stæði í bílageymslu. Uppl. veitir G. Andri Guðlaugsson, lögg.fasteignasali í síma 662-2705 eða andri@eignamidlun.is **V. 37,9 m.**

## FLÓKAGATA 6
### 220 HAFNARFJÖRÐUR



Efri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt stúdíóherbergi og bílskúr. Eignin þarfnast lagfæringa. Húsið er mjög vel staðsett með útsýni á höfnina í HF. Innbyggður bílskúr. Laus strax. Sölumenn sýna. Uppl. gefur Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs. í síma 899-1882 eða Thorarinn@eignamidlun.is **V. 36,9 m.**





# Skógarvegur 12-14
## í Fossvogsdalnum

- Stærð íbúða er frá 115 til 162 fm
- 3ja til 4ra herbergja íbúðir
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Vandaðar innréttingar frá HTH
- Mynddyrasími í öllum íbúðum
- Tvö baðherbergi í mörgum íbúðum
- Góð tenging við helstu útivistaperlur borgarinnar


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 8991882
thorarinn@eignamidlun.is





**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og nemi
til lögg. fasteignasala
s. 8961168
brynjar@eignamidlun.is






# Herjólfsgata 32-34
## Glæsilegar íbúðir með mögnuðu útsýni

- Stærðir íbúða eru frá 92 - 115 fm
- 3ja til 4ra herbergja íbúðir
- Vandaðar innréttingar
- Borðplötur í eldhúsi og baði úr quartz steini
- Stæði í bílageymslu með öllum íbúðum
- Stutt í helstu þjónustu- og verslunarkjarna bæjarins
- Áætluð afhending er í desember 2016


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 8991882
thorarinn@eignamidlun.is





**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og nemi
til lögg. fasteignasala
s. 8961168
brynjar@eignamidlun.is






# Mánatún 7-17
## Glæsilegar og nútímalegar íbúðir





- 3ja–4ja herbergja íbúðir frá 110 fm.
- Allar íbúðir eru með sér stæði í bílageymslu.
- Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og baðherbergi, fataskápar í forstofu og svefnherbergjum.
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, þó eru flísar á baðherbergi og í þvottahúsi.


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 8991882
thorarinn@eignamidlun.is





**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og nemi
til lögg. fasteignasala
s. 8961168
brynjar@eignamidlun.is





**Geir Sigurðsson**
Viðskiptafræðingur og
löggiltur fasteignasali
s. 8249096
geir@eignamidlun.is






# FOLD FASTEIGNASALA

Laugavegur 170 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.

**Gústaf A. Björnsson**
lögg. fast.

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr.

## Sæviðarsund 31, 2.hæð + bílskúr.
**OPIÐ HÚS ÞRI 2/8 KL.17-17:30**




Sæviðarsund 31, efri hæð með bílskúr: Ca. 82 fm. íbúð ásamt ca. 41 fm. innbyggðum bílskúr, samtals 123,1 fm. Íbúðin er mikið endurnýjuð með nýlegum innréttingum og parketi en húsið þarfnast viðgerðar. Verið er að leita tilboða í utanhúss-viðgerð. Laus til afhendingar. Lyklar á skrifstofu. **Opið hús þrið 2/8 kl.17-17:30.** Verið velkomin.
**Verð 35,9 millj.**

## Breiðahvarf, Kóp,
**GLÆSILEG SÉRHÆÐ M/BÍLSKÚR**




Sérhæð við Breiðahvarf í Vatnsendahverfi Kópavogs. Íbúðin er um 150 fm. með geymslu ásamt rúmlega 35 fm. bílskúr, samtals 185,6 fm. Sérinngangur, innréttingar hannaðar af innanhússarkitekt. Íbúðin skiptist í rúmgóðar stofur, þrjú svefnherbergi, tvö vönduð baðherbergi og þvottaherbergi. Gengið er á pall og verönd frá eldhúsi og frá hjónaherbergi. Þetta er einstaklega vönduð íbúð í nýlegu húsi. **Verð 73,9 millj.** Bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.

## Háteigsvegur
**VÖNDUÐ HÆÐ TIL LEIGU**




Ca. 114 fm. vönduð miðhæð í glæsilegu húsi ofalega við Háteigsveg er til leigu. Sérinngangur. Áhugasamir hafi samband við Rakel eða Viðar í s. 552-1400 eða sendið tölvupóst á fold@fold.is. **Leiguverð íbúðar kr. 295.000 á mánuði.**

## Dalbraut, Bíldudal
**FALLEGT EINBÝLI**




Ca. 150 fm. fallegt, vel staðsett einbýli á Bíldudal. Þrjú svefnherbergi auk vinnukróks. Rúmgóð stofa, bjart og gott eldhús. Stór og gróin lóð. Einstakt útsýni. Eigninni fylgir timburhjallur. Tækifæri til að eignast einbýlishús á fallegum stað á Vestfjörðum.
**Verð 15,9 millj.**

## Sumarhús Borgarfirði
**MJÖG GOTT VERÐ.**



Ca. 54 fm. góður bústaður í Kálfhólabyggð í landi stóra Fjalls. Tvö svefnherbergi. Hagstæður lóðarleigusamningur ti 50 ára. Ágætur bústaður á góðum stað í Borgarfirði. Skipti möguleg.
**MJÖG GOTT VERÐ 8,9 millj.**

## Eignarlóðir við Apavatn
**GOTT VERÐ**



Tvær samliggjandi eignarlóðir í landi Vatnsholts suð-austan við Apavatn eru til sölu. Þær eru í skipulögðu frístundahverfi. Virk samtök lóðareigenda. Lóðirnar eru í grónum móum og er útsýni yfir Apavatnið og til fjalla mjög fallegt. Vegur og vatn eru við lóðarmörk. Stærð hvorrar lóðar er 5.700 fm. **Verð er 1.850.000.- á lóð. AFLSÁTTUR EF BÁÐAR ERU KEYPTAR SAMAN!**

## Sumarhús, Gjábakkalandi 6, Þingvöllum
**OPIÐ HÚS SUN 7/8 FRÁ KL. 14-15**




Gjábakkaland 6: Ca. 45 fm. einstaklega vel staðsettur bústaður á útsýnisstað í Þingvallaþjóðgarði. Þetta svæði er einstök náttúruparadís, útsýni er frábært yfir Þingallavatnið og til fjalla. Stutt gönguleið að vatninu. Sjálfbær bústaður á einstökum stað sem er á Heimsminjaskrá.
**Verð aðeins 9,9 millj.**
**Opið hús sun 7/8. frá kl. 14-15.**
Hafið samband við Viðar í síma 694-1401.

## Sumarhús, Möðruvellir 14, Kjós
**OPIÐ HÚS SUN 7/8 FRÁ KL. 14-15**




Möðruvellir í Kjós: Sveitasetur á stóru eignarlandi í Kjósinni. Rúmgott hús, sem skiptist í 3 svefnherbergi, svefnloft, baðherbergi, stóra stofu og opið eldhús á fallegum stað með útsýni yfir Laxá, nálægt Meðalfellsvatni í Kjós. Húsið stendur á ca. 3,4 ha. eignarlandi sem býður upp á mikla möguleika. Vandað, vel viðhaldið hús á góðum stað, nálægt borginni.
**Opið hús sun 7/8. frá kl. 14-15.**
Sveinn sýnir, s. 825-3537.

## Sumarhús í Eilífsdal Kjós, Hamrar 7
**OPIÐ HÚS SUN 7/8 KL. 14-15**




Hamrar 7, Kjós: Ca. 43 fm. fm. vel staðsett sumarhús á góðum stað, innarlega í landi Valshamra í Kjós. Rafmagn er komið að lóðarmörkum og vatn til staðar í bústaðnum. Húsið stendur hátt og er útsýni frá því fallegt.
**Verð 5,2 millj.**
**Opið hús sun 7/8 frá kl. 14-15.**
Sveinn sýnir s. 845-5317

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

**Við styrkjum**
Hluti af öllum sölulaunum sem greidd eru til Foldar-fasteignasölu fer til styrktar ABC hjálparstarfi.



# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • www.101.is



**Sigrún Jóna Andradóttir**
Sölufulltrúi

**Kristín S. Sigurðardóttir**
Lögg. fast.sali.

## Fálkagata 23A - 107 Reykjavík




**OPIÐ HÚS Á MIÐVIKUDAGINN 3. ÁGÚST kl. 17:30-18. ALLIR VELKOMNIR**
Falleg björt 2ja herbergja íbúð á 1.hæð (ekki jarðhæð) á besta stað í vesturbæ Reykjavíkur nálægt Háskóla Íslands. Íbúðin er rúmgóð, baðherbergi og eldhús uppgert. Stórar suðursvalir og suðurgarður.
**Frekari uppl. Sigrún s. 857-2267. V - 31,5 millj.**

**Traust og góð þjónusta í 13 ár**



## Ástandsskoðun, úttektir á fasteignum og matsstörf

**Ástandsskoðun myndskreytt.**

**Hraðskoðun, almenn matsstörf og úttektir vegna kaupa eða leigu.**

Hef 23 ára starfsreynslu án nokkurra eftirmála.

Fagmennska fram í fingurgóma.

Magnús Þórðarson matsmaður.
Sjá verðskrá www.mat.is magnusth@mat.is
Símar 898 6060 / 553 8877



# EG FASTEIGNAMIÐLUN

Einar Guðmundsson
Lögg. fasteignasali Sóltún 20
**S. 896 8767**

www.egfasteignamidlun.is einar@egfasteignamidlun.is




FALLEG FIMM HERBERGJA HÆÐ(efsta) auk herbergi í kjallara í reisulegu og fallegu húsi í hjarta borgarinnar. Íbúðin sem er sérlega skemmtilega skipulögð og talsvert endurnýjuð skiptist í, hol, stofu, eldhús, fjögur svefnherbergi og tvískipt baðherbergi/þvottahús. Í kjallara er svo ca. 26 fm geymsluherbergi sem nýta má á ýmsan hátt, t.d. sem vinnustofu.

www.egfasteignamidlun.is einar@egfasteignamidlun.is



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


SPORT
ENSKI BOLTINN
RÚLLAR AF STAÐ 7. ÁGÚST
Sportpakkinn
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
ENSKI BOLTINN ER Á STÖÐ 2 SPORT
SPORT
Enski boltinn rúllar af stað 7. ágúst þar sem meistararnir í Leicester City taka á móti bikarmeisturunum í Manchester United í Góðgerðarskildinum á Wembley. Fyrsta umferð í ensku deildinni hefst 6 dögum síðar eða 13. ágúst.
365.is | Sími 1817
365

## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



FORD - ESCAPE V6 All wheel drive Árg 2008 Ekinn 123.000 km Nýskoðaður athugasemdalaust Nýtt í bremsum Toppeintak Verð 2.090.000-kr Uppl í síma 7792416

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Kerrur



Kerrur frá 144.900,- Evrópsk gæðaframleiðsla. Kynntu þér úrvalið á kerrur.is Dekkjahöllin sími 460 3000

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




## ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**SMIÐIR**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímapantanir f. sólpallasmíði f. sumarið 2016.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar**




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.




## Spádómar




## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Útsala stórar plöntur. Veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund. Virka daga 12-17 s. 8641202

**mýranaut**
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**TÆLENSKT HEILSUNUDD**
Joomjan hefur hafið starfsemi aftur á Mimos nuddstofu, Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**115 SECURITY**

**ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA**
Skilyrði:

-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-20 ára lágmarksaldur
-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind, vinnutími frá 06:30-13 aðra vikuna og hina 13-18. Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 e. kl. 12**

**RÆSTINGAR**
Ræstingaþjónustan auglýsir laus ræstingastörf á daginn og kvöldin á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi. Hreint sakavottorð og íslensku/enskukunnátta skilyrði.
**Umsóknir berist rth@rth.is eða á skrifstofutíma í síma 510-1311.**

**CLEANING JOBS**
Ræstingaþjónustan offers daytime and evening cleaning jobs in Reykjavik and in Selfoss. Clean criminal record and Icelandic/English language skills required.
**Send applications to rth@rth.is, or call 510-1311 during office hours.**

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst og nóg að gera í allan vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.




# Ertu að leita að talent?



Við finnum starfsmanninn fyrir þig

lind@talent.is



bryndis@talent.is

**TALENT**
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is






**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**
**Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.**
**Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.**

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

## atvinna

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

# Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?**

Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

**Lausar stöður fyrir næsta skólaár:**
- Umsjónarkennsla á yngsta stigi
- Staða þroskaþjálfa
- Staða stuðningsfulltrúa
- Staða í leikskóladeild 5 ára barna
- Stöður frístundaleiðbeinenda

Nánari upplýsingar um störfin má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið **johannam@lagafellsskoli.is**

**Umsóknarfrestur um stöðurnar er til 10. ágúst 2016.**

*Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Hvað er betrun?



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Ýmsir hafa tjáð sig á undanförnum misserum um betrun og mikilvægi þess að hún sé innleidd í íslenskan rétt. Í undirbúningi við gerð nýrra laga um fullnustu refsinga gagnrýndi Afstaða harðlega að hugtakið betrun kæmi hvergi fyrir í frumvarpi innanríkisráðherra sem lagt var fyrir Alþingi. Niðurstaðan varð sú að allsherjar- og menntamálanefnd þingsins bætti inn orðinu betrun á nokkrum stöðum í frumvarpinu, en það var ekki tilgangur athugasemdanna heldur sá að með nýju lögunum yrði innleidd betrunarstefna á Íslandi í stað viðvarandi refsistefnu. Ég tel að nokkurs misskilnings hafi gætt um beitingu hugtaksins betrun.

Betrun snýst um að gerð verði persónusniðin vistunaráætlun þar sem sérfræðingar meta einstaklinginn og veita honum viðeigandi meðferð; gera í upphafi afplánunar áætlun um hvernig einstaklingurinn nýtir tímann til að afla sér menntunar sem gerir honum kleift að verða nýtur þjóðfélagsþegn að afplánun lokinni. Þá skiptir miklu að styrkja stoðir fjölskyldunnar og gera einstaklingnum mögulegt að treysta samband sitt við fjölskyldu og vini. Með nýju lögunum var hins vegar ákvæði um gerð vistunaráætlunar fjarlægt úr lögunum og þrengt að vina- og fjölskyldutengslum með ýmsum takmörkunum á heimsóknum. Annar mikilvægur hluti af betrun er að vinna úr orsökum afbrotsins, meðal annars með því að reyna að sætta geranda og brotaþola.

Það hefur sýnt sig að þrepaskipt fangelsisvist, þar sem dómþoli losnar í áföngum aftur út í samfélagið, skilar góðum árangri. Við höfum þrepin hér á Íslandi, en það skortir á sjálft innihald fangavistarinnar, þar sem dómþolum er veitt ábyrgð og þeir studdir til að taka ábyrgð í samræmi við þá vistunaráætlun sem gerð er í upphafi. Þrátt fyrir þrepaskiptinguna, þar sem er að finna lokuð fangelsi, opin fangelsi, áfangaheimili og rafrænt eftirlit, skortir alveg innihald vistunarinnar. Því verða fangelsin bara geymslur þar sem einstaklingarnir eru stefnulausir í afplánun og ekkert tekur við að þeim tíma liðnum.

**Skilar ótvíræðum árangri**

Rannsóknir, þekking, reynsla og menntun um betrun er til staðar – en í afskaplega litlum mæli á Íslandi. Þess vegna er eðlilegt að leita í þekkingu og reynslu erlendis, þar sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að skipulagt betrunarferli skilar ótvíræðum árangri. Í byrjun ársins kom Knut Storberget, fv. dómsmálaráðherra Noregs til Íslands og hélt framsögu í Norræna húsinu um stefnumótun sem fram fór í tíð hans sem hefur verið kölluð „dómar með tilgang“ (straff som virker).

Þegar Norðmenn fóru í stefnumótunarvinnuna könnuðu þeir fyrst hverjir það væru í raun og veru sem væru í fangelsunum. Þeir komust að því að fólk, sem býr við slæmar félagslegar aðstæður var það fólk sem kom aftur og aftur í fangelsi. Þegar það lá fyrir var farið að rýna í hvernig hægt væri að breyta kerfinu til að koma í veg fyrir endurkomur, og tryggja farsæla endurkomu út í samfélagið.

Töluverð bið hafði verið eftir að komast í afplánun í Noregi og of margir voru að koma í fangelsi í mjög stuttan tíma, aðallega ungir menn. Endurkomutíðnin var of há og sama fólkið kom aftur og aftur til að afplána dóma. Sömu vandamál blasa við hér á landi. Lögð var áhersla á aukna menntun starfsfólks, og hún færð á háskólastig þar sem áfram er unnið með rannsóknir til að meta þau úrræði sem þróuð eru, svo bæta megi þau til að ná settum tilgangi; að betrunarúrræðin skili einstaklingunum betri út í samfélagið.

Yfirklór Alþingis, þar sem orðinu betrun var bætt inn í frumvarpið á nokkrum stöðum, var þó engin stefnubreyting í ætt við þá sem varð í Noregi.

**Engin framtíðarstefnumörkun**

Engin framtíðarstefnumörkun hefur verið gerð af hálfu íslenskra stjórnvalda um hvernig þau hyggist minnka endurkomur í fangelsin. Innanríkisráðherra sagði þó á Alþingi að endurkomutíðni á Íslandi væri allt of há. Áhugavert væri að vita hvað ráðherra telji að eigi að felast í betrun og hver hennar sýn er á innihald fangavistar – í hverju hún eigi að felast.

> **Betrun snýst um að byggja upp einstaklinginn og gera hann hæfan til þess að takast á við lífið og verða virkur samfélagsþegn. Í því felst að fangavistin verður að hafa innihald og fangar verða að koma með eitthvað í farteskinu út í samfélagið að nýju.**

Endurhæfing þýðir færri glæpir! Frelsissviptingin ein og sér er refsing, en því minni munur sem er á milli lífs innan og utan fangelsa, því auðveldari verða umskiptin frá fangelsi yfir í frelsi.

Betrun snýst ekki um að fangar geti farið fyrr á rafrænt ökklaband eða losnað fyrr úr afplánun. Það snýst ekki um að fá lengri tíma í samfélagsþjónustu eða á áfangaheimili. Þetta er misskilningur!

Betrun snýst um að byggja upp einstaklinginn og gera hann hæfan til þess að takast á við lífið og verða virkur samfélagsþegn. Í því felst að fangavistin verður að hafa innihald og fangar verða að koma með eitthvað í farteskinu út í samfélagið að nýju. Og síðan verður að taka við eftirfylgni og stuðningur, þar sem stuðningurinn felst í aðstoð við aðlögun að samfélaginu auk þess að tryggt sé aðgengi að atvinnu og námi – að ógleymdu þaki yfir höfuðið. Það er betrun!



# Engar uppfinningar, bara innleiðing!



**Guðmundur Haukur Sigurðarson**
framvæmdastjóri Vistorku ehf.

Jæja! Nú eru góðir 6 mánuðir liðnir síðan fjöldi leiðtoga heimsins skrifaði undir Loftslagssamkomulagið í París. Umhverfisráðherra Íslands var þar á meðal.

Við undirritunina skuldbatt ríkisstjórn Íslands sig til að vinna að því að ná markmiðum samkomulagsins. Fyrstu aðgerðir hennar eru þegar farnar að líta dagsins ljós en nýlega var auglýst verkefnið „rafbílar – átak í innviðum“ þar sem veitt verður styrkjum að upphæð allt að 201 milljón á næstu 3 árum. Styrkirnir geta hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnisins þannig að vonandi sjáum við yfir 400 milljóna króna uppbyggingu innviða fyrir rafbíla á næstu 3 árum.

Fleiri en ríkið hafa skuldbundið sig. 103 fyrirtæki skrifuðu undir svokallaða loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar. Stofnanir ríkisins, þessi 103 fyrirtæki og vonandi miklu fleiri, eru væntanlega þegar búin eða munu á næstunni setja fram og kynna markmið sín og aðgerðir.

**Margar borgir í Evrópu ætla sér að banna alla bílaumferð í miðbæjum sínum. Ljubljana, höfuðborg Slóveníu, steig þetta skref fyrir nokkrum árum og hefur það gjörbreytt borginni og lífinu í miðbænum, sérstaklega hvað varðar hávaða og loftmengun.**

Mörg félaganna á lista FESTA eru með starfsemi á Akureyri og ríkið rekur fjölmargar stofnanir á Akureyri, eins og skóla, heilbrigðisstofnanir, Vegagerðina og lögregluna. Öll þessi félög og stofnanir eru mikilvægir þátttakendur í markmiðum Akureyrarbæjar um að verða kolefnishlutlaust bæjarfélag á næstu árum

Á undanförnum árum hefur bærinn farið í fjölmörg verkefni sem færa hann nær markmiði sínu, svo sem frítt í strætó og framleiðslu á moltu og metani. En hver ættu að vera næstu skref hjá bæjarfélaginu? Eigum við að feta í fótspor t.d. San Francisco, sem hefur bannað frauðplastsumbúðir, eða Noregs og Hollands, sem stefna á að frá og með árinu 2025 verði bannað að flytja þangað inn bíla sem brenna jarðefnaeldsneyti. Margir fleiri eru með alvöru aðgerðir í gangi, t.d. stefnir bandaríski sjóherinn á að búið verði að skipta 50% af notkun hans á jarðefnaeldsneyti út fyrir aðra orkugjafa árið 2020. Margar borgir í Evrópu ætla sér að banna alla bílaumferð í miðbæjum sínum. Ljubljana, höfuðborg Slóveníu, steig þetta skref fyrir nokkrum árum og hefur það gjörbreytt borginni og lífinu í miðbænum, sérstaklega hvað varðar hávaða og loftmengun. Borgin var m.a. vegna þessa valin „Green Capital 2016“. Sumir eru líka löngu búnir að gera eitthvað, eins og smábærinn Modbury á Englandi sem bannaði notkun á plastpokum fyrir 10 árum síðan.



**Allir taki þátt**

Eins og okkur hefur tekist vel til hingað til, með mikilli þátttöku íbúa í flokkun á lífrænu sorpi og stóraukinni notkun á strætó, þá gildir það sama nú að allir þurfa að koma með og taka þátt. Sérstaklega þurfa fyrirtækin og aðilar eins og matvöruverslanir, matvælaframleiðendur, veitingahús, rútufyrirtæki, bílaleigur, hótel o.fl. að setja sér skýr markmið og skilgreina aðgerðir ef þetta á að verða að veruleika. Hvað ætla þau að gera fyrir árið 2020 og hvað fyrir 2025 og 2030?

Það þarf engar dýrar og flóknar aðgerðir enda er nú þegar búið að fjárfesta í framleiðslueiningunum (Moltu, Orkey, Metan) og innviðunum (hleðslustöðvar, endurvinnslustöðvar, græna trektin, græna karfan). Þetta er allt komið upp, nú er bara einföld og ódýr innleiðing eftir:

- kaupa rafmagns- og/eða metanbíla (þegar bílar eru endurnýjaðir)
- bjóða starfsmönnum upp á samgöngustyrk eða aðgang að rafmagnshjóli
- flokka allt lífrænt sorp og skila í moltu
- hirða alla notaða matarolíu og fitu og skila í Orkey
- flokka allan úrgang eins og plast, pappa og málma
- kolefnisjafna flugferðir með skógrækt

# Guð greiðir ekki fasteignaskatt



**Guðmundur Guðmundsson**
líffræðingur og laganemi

Þessi dægrin eru fluttar fregnir í fjölmiðlum af hækkun fasteigna- og lóðargjalda í ýmsum sveitarfélögum. Þessi hækkun kemur misjafnlega við pyngju fólks, en ólög valda því að trúfélög greiða hvorki fasteignaskatta né lóðargjöld.

Fasteignaskattur er lagður á í samræmi við lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, en þau eiga sér nokkra forvera sem rekja má allt til 1877, en fyrstu eiginleg lög um fasteignaskatt eru frá 1921 og hafa þau verið endurskoðuð allnokkrum sinnum. Í lögunum frá 1921 og síðari lögum var völdum aðilum veitt undanþága frá greiðslu fasteignaskatts og lóðargjalda. Þar má nefna sjúkrahús, skóla, elliheimili, íþróttahús, kirkjur o.fl. Undanþágunum fjölgaði nokkuð í gegnum tíðina, en í kjölfar skýrslu nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti (2001) voru samþykkt lög frá Alþingi (árið 2005) sem tóku fyrir flestar af þessum undanþágum. Þrennt var þó skilið eftir: kirkjur og musteri trúfélaga, safnahús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni og hús erlendra ríkja og alþjóðastofnana. Með þessum breytingum var ekki hróflað við undanþágu kirknanna, heldur var bætt í og bænahús og musteri annarra söfnuða einnig undanskilin. Rétt er að taka fram að eins skráða, veraldlega lífsskoðunarfélagið á landinu, sem á rétt til að fá gjöldin niðurfelld, hafnar algerlega slíkri ívilnun þótt í boði sé og greiðir sín gjöldin með sóma. Í skýrslu nefndarinnar frá 2001 er að finna þennan kostulega rökstuðning fyrir trúarundanþáginni: „Nefndin telur að umrædd undanþága byggi á ríkri hefð og er því ekki lagt til að hún verði afnumin.“ Þessi orð eru einkar athyglisverð í því ljósi að ekki þótti nefndarmönnum, né Alþingi, vera komin hefð fyrir því að undanskilja t.a.m. sjúkrahús og skóla gjöldunum.

Ríkisstofnunin þjóðkirkjan, sem almenningur kallar í daglegu tali ríkiskirkjuna, ríður býsna feitum hesti frá þessari undanþágu. Almenningur er skyldaður til að greiða fasteigna- og lóðargjöld ár hvert á meðan ríkiskirkjan greiðir krónur 0 af sínum tilbeiðsluhúsum og lóðunum sem þau standa á. Lóðirnar fær kirkjan (og önnur trúfélög) einnig ókeypis og eru þær að jafnaði dýrustu og eftirsóttustu landspildurnar í hverju sveitarfélagi. Í Reykjavík einni varð borgin því af a.m.k. tæplega 73 milljónum króna á þessu ári. Aðrir söfnuðir fengu rúmlega 12 milljónir í styrk frá Reykvíkingum á sama hátt. Samtals eru þetta rétt um 85 milljónir sem Reykvíkingar greiða með trúfélögunum í formi niðurfellingar fasteigna- og lóðargjalda af tilbeiðsluhúsum þessara aðila. Til dæmis má nefna að ég greiði á þessu ári um 100 þúsund kr. í fasteigna- og lóðargjöld af hóflegu íbúðarhúsnæði á meðan t.d. af monthöll ríkiskirkjunnar efst á Skólavörðuhæðinni er ekki greidd ein einasta króna! Samt hefur téð höll rakað til sín tugum milljóna árlega með því að selja lyftuferðir dýru verði upp í turnspíruna.

Hefð er aum réttlæting fyrir forréttindum trúfélaga, sérstaklega þegar borgarsjóður er rekinn með töluverðum halla. Í raun réttri eru Reykvíkingar að styrkja trúfélög um milljónatugi árlega með þessum hætti. Slíkt er óþolandi mismunun sem kjörnir borgarfulltrúar ættu að sjá sóma sinn í að fara fram á við löggjafann að verði breytt. Á meðan þeir bíða eftir að Alþingi bregðist við er þeim í lófa lagið að leggja niður Kirkjubyggingarsjóð borgarinnar, en það er enn ein matarhola ríkiskirkjunnar sem ausið er úr milljónum ár hvert af skattfé borgarbúa. Það væri óskandi að ríkiskirkjan hefði til að bera það siðferðisþrek að leggja sinn skerf til samfélagsins með því að greiða sín gjöld ótilneydd, líkt og Siðmennt gerir, en reyni ekki stöðugt að koma sér hjá því að deila kjörum með almenningi.

# Íbúar í Vestur-Skaftafellssýslu sæta illri meðferð hjá ríkinu



**Aðalbjörg Runólfsdóttir**
tengdadóttir úr Landbrotinu

Ég er orðin svo hneyksluð á meðferð ríkisins og annarra stofnana á framkomu þeirra gagnvart íbúum í Vestur-Skaftafellssýslu, hvort sem stofnanirnar eru opinberar eða einkareknar, að ég get ekki þagað lengur. Á þetta við að mestu leyti um íbúa í Meðallandi og Landbroti.

Eins og fram hefur komið í fréttum eru þessi svæði að þorna upp vegna stífluframkvæmda sem ráðist var í þegar síðasta Skaftárhlaup varð. Það sem liggur undir þessari framkvæmd er að lífríki alls svæðisins kemur til með að hrynja. Fiskistofnar í Grenlæk, Jónskvísl og öðrum veiðisvæðum eru í stórhættu því það er búið að þurrka upp hrygningarstöðvar fisksins. Ef áframhald verður á þessum þurrkum kemur grunnvatn til með að hverfa sem gerir það að verkum að býli og bæir fá ekki það vatn sem þarf til að sinna búsetu og ræktun. Þegar þetta svæði þornar er bara eitt sem gerist: það verður uppblástur á landinu og það hreinlega fýkur burt. Þá er ekki langt í að fólk neyðist til að flytja búferlum hvort sem það vill eða ekki.

Það er líka alveg greinilegt að tækniþróun 21. aldarinnar hefur því miður strandað á leið sinni að þessu svæði og enginn reynir að hjálpa til.

Rafmagn á þessu svæði er mjög ótryggt. Ég veit til þess að síðastliðinn vetur t.d. fór rafmagn mjög oft af þessu svæði. Stundum er rafmagnið að detta út og inn yfir daginn, sem fer mjög illa með öll rafmagnstæki. Tengdaforeldrar mínir búa á þessu svæði. Tengdamamma notar súrefnisvél og veldur þetta henni gríðarlegum óþægindum. Rafmagnið fer oft af að nóttu til, þá þarf hún að fara á fætur og finna ljós til að geta tengt varasúrefniskútinn sinn svo að hún nái hreinlega andanum.

Þriggja fasa rafmagn er ekki lagt til bænda nema þeir greiði fyrir það flýtigjald því það er ekki á dagskrá hjá Rarik að leggja þriggja fasa rafmagn á þetta svæði nærri strax. Þetta heftir framfarir í t.d. mjólkurframleiðslu því það er ekki hægt að stækka kúabúin og fá mjaltaþjóna. Núverandi kerfi er þannig að öll sveitin finnur fyrir því þegar mjaltavélamótorar eru settir í gang, þá blikka ljós á öðrum bæjum því það er ekki nægt rafmagn til að keyra samfélagið allt í einu. Eins kemur þetta ástand í veg fyrir að bændur setji á stofn fyrirtæki því það er ekki til rafmagn fyrir þau. Þetta er eins og að fara ca. 20 til 30 ár aftur í tímann.



**Þegar þetta svæði þornar er bara eitt sem gerist: það verður uppblástur á landinu og það hreinlega fýkur burt. Þá er ekki langt í að fólk neyðist til að flytja búferlum hvort sem það vill eða ekki.**

Síðast en ekki síst eru það sjónvarpsútsendingar og nettenging, þarna eru truflanir í útsendingu fastir liðir en ekki undantekning. Hljóðið bjagast og myndin verður pixluð. Jafnvel dettur sjónvarpsútsending út allt kvöldið. Nettengingin er eins dyntótt og þegar internetið var að koma fyrst fyrir tuttugu árum, stundum náðist tenging og stundum ekki.

Miðað við þetta ástand er greinilegt að það á bara að leggja þetta svæði í eyði vísvitandi. Það er búið að senda skrifleg erindi til hinna ýmsu stofnana, fyrirtækja og þingmanna og ég vona bara að þeir sjái sóma sinn í að taka til höndum og bjarga þessu fallega og yndislega landsvæði áður en það fýkur burt og leggst í eyði.

ORMSSON

# SPARIDAGAR

*fyrir heimilin í landinu*

**AEG**
LM63472FL
7 KG. 1400 SN.
Rétt verð: 119.900,-
**Sparidagaverð: 89.900,-**
LW76806
8 KG. 1600 SN.
Rétt verð: 169.900,-
**Sparidagaverð: 126.900,-**
25%

Á SPARIDÖGUM fást bestu kjör á flestum vöruflokkum og góð greiðslukjör. Viðskiptavinir fá á annað þúsund stór tæki afhent eða heimsend. Smærri tæki og hlutir seljast einnig í þúsundavís. Sparidagar standa næstu daga og nýjar vörur bætast við í vöruúrvalið á tímabilinu. Nýtið ykkur bestu verðin og bestu kjörin á fjölbreyttum gæðavörum ORMSSON.

**AEG**
T61271AC
7 KG. BARKALAUS
Rétt verð: 119.900,-
**Sparidagaverð: 89.900,-**
T76280AC
8 KG. BARKARLAUS
Rétt verð: 129.900,-
**Sparidagaverð: 97.900,-**
25%

**AEG**
TILBOÐSVERÐ
Á KÆLI- OG
FRYSTISKÁPUM
25%

**AEG**
OFNAR OG
HELLUBORÐ
Á TILBOÐSVERÐI
25%

**NIVONA**
Alsjálfvirkar kaffivélar
til heimilisnota.
Stilltu á hámarksgæði.
22%

## Tilboð
## Afslættir
## Verðlækkun

**BRAUN**
22%
Fullkominn rakstur

**þvottavélar - þurrkarar - ísskápar - frystiskápar - helluborð - ofnar - hljómtæki - sjónvörp - leikjatölvur - tölvuleikir o.m.fl.**

**SAMSUNG**
LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót
**49" K5505 kr. 139.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 118.900,-**

**SAMSUNG**
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**49" KU6655 kr. 184.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 156.900,-**

**SAMSUNG**
UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**49" KU6655 kr. 199.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 169.900,-**

**Pioneer** Bíltæki í úrvali
20%

**levenhuk** Zoom&Joy
Sjónaukar
20%

**Pioneer**
Heyrnartól í úrvali
20%

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Einvígið á Nesinu er árlegt góðgerðarmót Nesklúbbsins og DHL. Í ár fékk Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, eina milljón króna. MYND/HAUKUR ÓSKARSSON

# Ég þekki hvert strá á vellinum

**Heimamaðurinn Oddur Óli Jónasson vann Einvígið á Nesinu sem var haldið í 20. sinn á Nesvellinum í gær. Oddur hefur lítið spilað undanfarin tvö ár en hrósaði sigri í frumraun sinni á mótinu.**

**GOLF** Einvígið á Nesinu, árlegt góðgerðarmót Nesklúbbsins og DHL Express, fór fram á Nesvellinum í gær. Þetta var í 20. sinn sem mótið er haldið.

Líkt og á fyrsta mótinu 1997 var leikið í þágu Umhyggju, félags sem vinnur að bættum hag langveikra barna. Að mótinu loknu afhenti Atli Einarsson, framkvæmdastjóri DHL á Íslandi, Hákoni Hákonarsyni frá Umhyggju ávísun upp á eina milljón króna.

Tíu af bestu kylfingum landsins var boðið að taka þátt. Eins og venjulega var byrjað á níu holu höggleik um morguninn. Eftir hádegið hófst svo Einvígið sjálft þar sem einn keppandi datt út á hverri holu þar til tveir stóðu eftir.

Að þessu sinni stóðu þeir Aron Snær Júlíusson, sigurvegarinn frá því í fyrra, og heimamaðurinn Oddur Óli Jónasson síðastir eftir. Það fór svo að lokum að Oddur hafði betur eftir bráðabana og fagnaði því sigri í frumraun sinni á mótinu en hann öðlaðist þátttökurétt með því að vera klúbbmeistari Nesklúbbsins 2016.


Oddur Óli Jónasson hrósaði sigri á sínum heimavelli. MYND/HAUKUR ÓSKARSSON

„Þetta gekk mjög vel. Ég spilaði höggleikinn um morguninn mjög vel og svo hélt ég áfram að gera það sama eftir hádegi. Þetta gekk vonum framar. Ég bjóst kannski ekki við því sigra, ég ætlaði bara taka eina holu fyrir í einu,“ sagði Oddur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Þessi 29 ára kylfingur þekkir Nesvöllinn betur en flestir og hann segir það hafa hjálpað til.

„Ég þekki þennan völl eins og handarbakið á mér. Ég er búinn að vera í Nesklúbbnum síðan 1999 og var vallarstarfsmaður í átta ár. Það má því segja að ég þekki hvert strá á vellinum. Það hjálpaði til að þekkja völlinn betur en þeir sem ég spilaði á móti,“ sagði Oddur sem hefur verið lengi að þótt hann sé ekki þekktasta nafnið í bransanum.

„Ég er búinn að spila golf síðan ég var krakki. Ég spilaði á unglingamótaröðinni og á Eimskipsmótaröðinni í mörg ár en hef lítið spilað undanfarin tvö ár vegna vinnu og annarra anna,“ sagði Oddur sem starfar sem flugþjónn auk þess sem hann leggur stund á flugnám.

Oddur hrósaði hinum efnilega Aroni Snæ en þeir áttust við á lokaholunni eins og áður sagði.

„Hann spilaði frábærlega í dag [í gær]. Hann gerði það sama í fyrra og ég gerði í ár, að vinna í fyrsta sinn sem hann tók þátt. Það virðist sem maður þurfi að passa sig á þeim sem taka þátt í fyrsta sinn á næsta ári. Það er ljóst,“ sagði Oddur í léttum dúr að lokum. **ingvithor@365.is**

# Liðið var frábært á mótinu

Körfubolti Stelpurnar í U-18 ára landsliði Íslands enduðu í 4. sæti B-deildar Evrópumótsins í körfubolta sem lauk í fyrradag.

Íslenska liðið mætti því gríska í undanúrslitum á laugardaginn og var hársbreidd frá því að vinna og tryggja sér þar með sæti í A-deild. Staðan var jöfn, 58-58, þegar um 20 sekúndur voru til leiksloka en íslensku stelpurnar fóru illa að ráði sínu á lokasekúndunum og þurftu að sætta sig við tap, 65-61. Á sunnudaginn tapaði íslenska liðið svo fyrir heimaliði Bosníu, 82-67, en sigur þar hefði einnig tryggt liðinu sæti í A-deild.

„Þetta er besti árangur sem yngra landslið kvennamegin hefur náð og árangurinn var framar okkar vonum. Liðið var frábært á mótinu,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari íslenska liðsins, í samtali við Fréttablaðið í gær en hann var þá staddur á flugvellinum í Sarajevo.

„Stelpurnar fengu mikla reynslu og þær fengu mikið hrós. Það var lífsgleði og stemning í kringum liðið,“ sagði Ingi sem var ósáttur við aðstæður í leikjunum um helgina en það var gríðarlega heitt inni í höllinni sem spilað var í.

„Það var eins og maður væri að stíga upp úr sundlaug, það lak af manni svitinn. Ég hugsa að það hafi verið 45 stiga hiti inni í salnum,“ sagði Ingi og bætti því við að tankurinn hafi einfaldlega verið tómur hjá íslenska liðinu í síðasta leiknum gegn Bosníu.

Þess má svo geta að Sylvía Rún Hálfdanardóttir var valin í fimm manna úrvalslið mótsins. Sylvía spilaði fantavel á EM og var með 16,7 stig, 10,7 fráköst, 2,0 stoðsendingar og 3,4 stolna bolta að meðaltali í leik. **– iþs**



Íslensku stelpurnar og þjálfarar á góðri stund. MYND/SIGRÍÐUR INGA VIGGÓSDÓTTIR

**Inkasso-deild karla**

| | |
|---|---|
| **Selfoss - Keflavík** | **0-0** |

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| KA | 29 | Fram | 16 |
| Grindavík | 25 | Fjarðabyggð | 14 |
| Leiknir R. | 23 | HK | 14 |
| Keflavík | 22 | Haukar | 14 |
| Þór | 19 | Huginn | 10 |
| Selfoss | 17 | Leiknir F. | 9 |

MILLIRIÐILINN BYRJAR Í DAG



Strákarnir í U-20 ára landsliðinu í handbolta hefja leik í milliriðli á EM í Danmörku í dag. Ísland mætir þá Póllandi klukkan 12:00. Íslenska liðið mætir því franska á sama tíma á morgun. Ísland gerði jafntefli, 28-28, við Spán í lokaleik B-riðils á sunnudaginn. Spánverjar unnu riðilinn á betri markatölu en bæði lið tóku með sér eitt stig inn í milliriðil. Íslenska liðið fór illa að ráði sínu undir lokin gegn Spánverjum en þegar tæpar tvær mínútur voru eftir leiddi Ísland með tveimur mörkum, 28-26. Spánverjar skoruðu hins vegar tvö síðustu mörk leiksins og tryggðu sér annað stigið og sigurinn í riðlinum.

**Hvenær kemur í ljós við hvern Gunnar Nelson berst næst? Kominn með leið á því að horfa á hann snúa niður fyllibyttur í Eyjum á Snapchat.**

Hjörvar Hafliðason
**@hjorvarhaflida**

ÞÓRÐUR HÆTTUR HJÁ ÍA

Þórður Þórðarson er hættur þjálfun kvennaliðs ÍA. Þórður lét af störfum að eigin ósk vegna persónulegra ástæðna. Kristinn Guðbrandsson og Steindóra Steinsdóttir munu stýra liði ÍA út tímabilið. Skagakonur eru í vondum málum, með aðeins fjögur stig á botni Pepsi-deildarinnar. Næsti leikur ÍA, og sá fyrsti undir stjórn Kristins og Steindóru, er gegn Þór/KA á heimavelli á sunnudaginn.

VANN SITT FYRSTA RISAMÓT

Bandaríski kylfingurinn Jimmy Walker hrósaði sigri á PGA-meistaramótinu í golfi sem lauk á sunnudaginn. Þetta var fyrsti sigur hins 37 ára gamla Walkers á risamóti. Hann hafði betur í baráttu við Jason Day, efsta mann heimslistans. Walker lék lokahringinn á þremur höggum undir pari og samtals á 14 undir pari, einu höggi á undan Day. Bandaríkjamaðurinn Daniel Summerhays endaði í 3. sæti eftir góðan endasprett. Hann lék lokahringinn á fjórum undir pari og endaði á 10 undir pari.



# Tvöföld sæla á veitingastaðnum í ágúst

Útsölunni lýkur á sunnudaginn



**995,-**

**Royal kjúklinga-bringa með hrásalati, frönskum og sósu**



**995,-**

**BBQ svínaskanki með frönskum og sósu**

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®



Elskuleg móðir okkar,
amma og langamma,

**Ásta Aðalheiður Sigurbjörnsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi föstudaginn 22. júlí. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 6. ágúst klukkan 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda og fjölskyldna,**

**Unnur Dagmar Kristjánsdóttir**
**Sigurður Þór Hafsteinsson**
**Sædís Hafsteinsdóttir**
**Einar Oddberg Hafsteinsson**
**Hafdís Ósk Ólafsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**María Auður Guðnadóttir**

frá Botni, Súgandafirði,
Lækjasmára 8, Kópavogi,

lést 21. júlí sl. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 4. ágúst klukkan 13.00.

**Sólveig Leifsdóttir** — **Gísli Blöndal**
**Halla Leifsdóttir** — **Jón Pétur Guðbjörnsson**
**María Auður Steingrímsdóttir** — **Oddur Hafsteinsson**
**Leifur Blöndal** — **Petra Dröfn Karvel**
**Eiríkur Gísli Johansson** — **Fanný M. Bjarnardóttir**
**Guðbjörn Jónsson**
**og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir, dóttir,
tengdadóttir og amma,

**Sólborg Rósa Hjálmarsdóttir**

til heimilis að Furulundi 37, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Sjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 25. júlí.

Hún verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 4. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri, reikningsnúmer 162-05-62158, kt. 570397-2819.

**Þórmundur Skúlason**
**Hulda Hákonardóttir** — **Friðgeir Kemp**
**Gunnhildur Erla Þórmundsdóttir** — **Elmar Sveinsson**
**Birna H.B. Þórmundsdóttir** — **Ævar Þór Bjarnason**
**Skúli Már Þórmundsson** — **Guðmunda Rán Skúladóttir**
**Birna H. Jóhannesdóttir**
**Gunnhildur Þórmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---





*Hinsti vilji*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---

# Gleðirendur við MR

**Regnbogarendur verða á tröppum Menntaskólans í Reykjavík við opnun Hinsegin daga .**

Opnunarviðburður Hinsegin daga, sem hefjast í dag, er málun gleðiranda. Sams konar viðburður, þegar regnbogarendurnar voru málaðar á Skólavörðustíg, sló í gegn.

Í ár verða rendurnar málaðar á tröppur Menntaskólans í Reykjavík. Formaður Hinsegin daga, Eva María Þórarinsdóttir Lange, borgarstjóri Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson, og fleiri munu taka sér málningarrúllu í hönd og opna hátíðina.

„Hugmyndin kviknaði í aðdraganda hátíðarinnar í fyrra, þegar við máluðum Skólavörðustíginn. Viðbrögðin voru svo falleg og skemmtileg og gatan varð ein sú mest myndaða í bænum,“ segir Gunnlaugur Bragi Björnsson, gjaldkeri Hinsegin daga. Hann segir að í þetta skiptið hafi verið ákveðið að endurtaka leikinn en breyta örlítið til.

„Við vorum að leita að stað sem er áberandi í borginni, í tengingu við gönguna og þá kom MR beint upp í hugann,“ segir Gunnlaugur.

Hafist verður handa við málningarvinnuna í dag fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík klukkan tólf.

**fanney@frettabladid.is**



**Regnbogalitur Skólavörðustígur fékk góðar viðtökur í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Guðmundsson**

rafverktaki og kaupmaður, síðast til heimilis í Eirarhúsum,

lést 28. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðmundur Gunnarsson** — **Helena Sólbrá Kristinsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir** — **Óli Már Aronsson**
**Auðun Örn Gunnarsson** — **Hjördís Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Bjarney Halldóra Bjarnadóttir**

frá Norðfirði,

lést mánudaginn 26. júlí á hjúkrunarheimilinu Dyngju, Egilsstöðum. Útför hennar verður frá Egilsstaðakirkju fimmtudaginn 4. ágúst kl. 14.00.

**Kristján Gissurarson**
**Gissur Ólafur Kristjánsson** — **María Þórunn Helgadóttir**
**Bjarni Halldór Kristjánsson** — **Nanna Herborg Tómasdóttir**
**Eðvarð Björn Kristjánsson**
**Lilja Eygerður Kristjánsdóttir** — **Ari Páll Albertsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Okkar ástkæri

**Jóhann Friðrik Kárason**

til heimilis að Reykjavíkurvegi 52a í Hafnarfirði,

